# ÁRSRIT 2017



**FÁGUN**

# 洗練

Öll hugmyndafræði Lexus sækir sterkt í hefðir Japan, þar sem agi og fágun eru leiðarstef.
Form og línur eru sóttar í menningarsöguna; oddhvassar línur í brynju stríðsmannsins
og mýktin í þjónustulund hans. Hver einasti flötur segir sögu.

**ÚTHUGSUÐ SMÁATRIÐI SKAPA EINSTAKA HEILD**



**Lexus-Ísland** – Kauptúni 6, Garðabæ, 570 5400 – **lexus.is**

LEXUS
EXPERIENCE AMAZING





**Finnur Sveinbjörnsson**
**formaður GKG**

## Stjórn GKG

Frá vinstri:
Sigmundur Einar Másson, Agnar Már Jónsson, Ragnheiður Stephensen, Jón K. Baldursson, Kristinn Jörundsson, Finnur Sveinbjörnsson, Gunnar Jónsson, Þorgerður Jóhannsdóttir, Ingibjörg Þ. Ólafsdóttir og Einar Gunnar Guðmundsson.

## EFNISYFIRLIT

4. Skýrsla stjórnar
8. Stjórn og nefndir
9. Skipting félagsmanna
10. Skýrsla íþróttasviðs
18. Kvennanefnd
21. Mótanefnd
26. Úrslit Meistaramóts 2017
29. Frá framkvæmdastjóra
32. Nýting valla
33. Öldungar 65+
35. Skýrsla vallarstjóra
39. Vallarnefnd
40. Áritun stjórnar
41. Áritun óháðs endurskoðanda
44. Rekstraryfirlit
45. Efnahagsreikningur
46. Sjóðsstreymi
48. Líflegur golfklúbbur (myndir)
50. Klúbbmeistarar 2017

## Orð formanns

Starfsárið 2016–2017 var gott á marga lund fyrir GKG. Íþróttastarfið stóð í blóma. GKG-ingar hömpuðu fimm Íslandsmeistaratitlum, þ.á m. í holukeppni karla og í sveitakeppni. Afrekskylfingar GKG gerðu það einnig gott erlendis, sérstaklega Aron Snær Júlíusson og Birgir Leifur Hafsteinsson. Góð og vaxandi aðsókn var að fjölmörgum námskeiðum fyrir börn, unglinga og fullorðna árið um kring. Þessu blómlega íþróttastarfi eru gerð ítarleg skil í ársritinu.

Íþróttamiðstöð GKG var vígð í apríl 2016. Á starfsárinu 2016–2017 kom glöggt í ljós hversu mikilvægt húsið er fyrir allt félagsstarf GKG. Aðstaða fyrir starfsfólk hefur gerbreyst sem og aðstaða fyrir fundi, fyrirlestra og námskeið. Þá hafa golfhermarnir skapað algerlega nýja vídd í félagsstarfinu og þjónustu við kylfinga. Verslunin blómstrar. Loks má nefna að veitingasalan hefur skotið góðum rótum eftir skrykkjótta byrjun og breytingu á rekstraraðila.

GKG glímir við áskoranir: Ástand flata var misgott í sumar sem olli nokkurri óánægju meðal kylfinga. Félögum fækkaði á ný eftir að hafa fjölgað árið áður. Búið er að samþykkja nýtt aðalskipulag Garðabæjar þar sem fram koma hugmyndir um breytingar á aðstöðu GKG. Við þessu öllu þarf að bregðast af festu.

Þegar allt er metið sést þróttmikið starf innan félagsins. Þar hjálpast að almennir félagar og stór hópur sjálfboðaliða í þeirra röðum, hæfileikaríkt íþróttafólk og dugmikið starfsfólk. Fyrir það er ástæða til að þakka.

Í þessu ársriti GKG er greint frá því helsta sem bar við í starfsemi félagsins á starfsárinu 2016–2017.

Agnar Már Jónsson
framkvæmdastjóri GKG
agnar@gkg.is



Ársrit GKG 2017
Útgefandi: Golfklúbbur Kópavogs og Garðabæjar.
Ábyrgðarmaður: Agnar Már Jónsson.
Umbrot: Sigurður Hlöðversson.
Ljósmyndir: Agnar Már Jónsson, Guðmundur Árni Gunnarsson og myndir frá félagsmönnum.
Prentun: Svansprent.
Sérstakar þakkir: Harpa Hlín Haraldsdóttir.



## Stjórn GKG

Aðalfundur GKG var haldinn 30. nóvember 2016. Á fundinum var kjörinn formaður til eins árs, fjórir meðstjórnendur til tveggja ára og einn meðstjórnandi til eins árs. Stjórnin kýs sjálf varaformann, gjaldkera og ritara úr eigin hópi. Stjórnin var þannig skipuð á starfsárinu:

| Nafn | Hlutverk | Kjörin(n) til |
|---|---|---|
| Finnur Sveinbjörnsson | formaður | 2017 |
| Þorgerður Jóhannsdóttir | varaformaður | 2017 |
| Kristinn Jörundsson | gjaldkeri | 2017 |
| Ragnheiður Stephensen | ritari | 2018 |
| Gunnar Jónsson | meðstjórnandi | 2017 |
| Jón K. Baldursson | meðstjórnandi | 2017 |
| Einar G. Guðmundsson | meðstjórnandi | 2018 |
| Ingibjörg Þ. Ólafsdóttir | meðstjórnandi | 2018 |
| Sigmundur E. Másson | meðstjórnandi | 2018 |

## Störf stjórnar

Stjórn GKG hélt ellefu stjórnarfundi á starfsárinu. Þá átti stjórnin rafræn samskipti þegar ástæða var til. Að auki funduðu formaður og gjaldkeri reglulega með framkvæmdastjóra auk þess sem einstakir stjórnarmenn gegna mikilvægu hlutverki í nefndum félagsins. Þar skulu sérstaklega nefnd: Gunnar sem formaður íþróttanefndar, Jón sem formaður mótanefndar og Þorgerður sem formaður kvennanefndar. Auk þess sátu Ingibjörg í mótanefnd, Ragnheiður í aganefnd og Sigmundur í íþróttanefnd.

## Starfsfólk

GKG hefur á að skipa samhentum hópi reynslumikils starfsfólks:

- Agnar M. Jónsson hefur verið framkvæmdastjóri síðan 2012.
- Guðmundur Á. Gunnarsson hefur verið vallarstjóri frá 2001.
- Úlfar Jónsson hefur verið íþróttastjóri frá 2004.
- Guðrún Helgadóttir hefur verið skrifstofustjóri frá 2010.

Þessi fjögur bera þungann af daglegum rekstri GKG. Auk þeirra starfa átta manns hjá félaginu við kennslu og þjálfun, rekstur verslunar og golfherma, viðhald og viðgerðir á vélum og umsýslu við golfvelli. Á sumrin bætast við á milli 40 og 50 ungmenni sem sinna slætti og annarri umhirðu eða kenna á hinum sívinsælu barnanámskeiðum. Að hluta kemur sumarstarfsfólkið fyrir milligöngu og á kostnað Garðabæjar og Kópavogs en að hluta ber GKG kostnaðinn.

Um langt árabil hefur sá háttur verið á að GKG hefur lagt veitingamanni til aðstöu og hann rekið veitingasöluna fyrir eigin reikning. Með nýrri íþróttamiðstöð GKG varð gerbreyting á veitingaaðstöðunni, bæði eldhúsinu og veitingasvæðinu inni og úti. Eftir brotthvarf veitingamanna á fyrsta ári íþróttamiðstöðvarinnar var samið við Vigni Hlöðversson um að hann tæki að sér veitingasöluna frá og með starfsárinu 2016–2017. Fyrir utan að vera þrautreyndur og góður veitingamaður er Vignir gegnheill GKG-ingur. Samstarfið við Vigni hefur verið farsælt. Hann hefur sýnt frumkvæði að því að auka nýtingu á sölum í húsinu og glæða það lífi. Úrval veitinga og verðlag á þeim hefur mælst vel fyrir.

## Ný íþróttamiðstöð GKG

Íþróttamiðstöð GKG var vígð 9. apríl 2016. Hún hefur nú verið í rekstri í einn vetur og tvö sumur. Á þeim tíma hefur smám saman komið í ljós hvernig best er að reka og nýta aðstöðuna. Salurinn og fundarherbergi eru nýtt bæði fyrir félagsstarfið og veitingarekstur auk þess sem aðstaðan er leigð utanaðkomandi aðilum.

Golfhermarnir hafa reynst afar vinsælir, enda hafa þeir gerbreytt möguleikum GKG-inga til að stunda íþróttina yfir vetrarmánuðina. Með hliðsjón af þessu var ákveðið að kaupa fimm herma til viðbótar og staðsetja þá í opna rýminu á fyrstu hæð íþróttamiðstöðvarinnar. Ráðgert er að taka nýju hermana í notkun í desember 2017. Þeir koma í stað höggneta. Ekki er að efa að þessi viðbót mun reynast vinsæl.

Reynt var eftir megni að takast á við þetta vandmál með flatirnar í sumar en með misjöfnum árangri. Síðsumars var gerð könnun meðal GKG-inga til að kanna viðhorf þeirra til mismunandi eiginleika flata. Í framhaldi af því tók starfsfólk félagsins saman ítarlega skýrslu um vandmálið og leiðir til úrbóta. Skýrslan var rædd í vallarnefnd og stjórn og samþykkt aðgerðaráætlun á grundvelli hennar. Skýrslan er aðgengileg á vefsíðu GKG auk þess sem félagar voru upplýstir um meginefni hennar.

Hluti af grasvandamálinu liggur í úreltum tækjakosti. Vitað var að GKG yrði að gæta varkárni í fjárfestingum meðan á byggingu íþróttamiðstöðvarinnar stæði og fyrstu árin í rekstri hennar. Nú er orðið ljóst að ekki verður lengur vikist undan því að fjárfesta í betri tækjum til að sinna slætti og áburðargjöf á golfvöllunum. Þegar hefur verið ákveðið að kaupa nýjar sláttuvélar og tæknilega fullkomna áburðarvél. Nýja áburðarvélin er margfalt nákvæmari í áburðargjöfinni en eldri vélarkostur. Nákvæm áburðargjöf mun gegna veigamiklu hlutverki í styrkja túnvingulinn í baráttu við Poa-grasið.

## Aðalskipulag Garðabæjar

Drög að nýju aðalskipulagi fyrir Garðabæ voru kynnt opinberlega seint í október 2016. Eftir kynningu meðal íbúa og annarra hagsmunaaðila og nokkrar breytingar samþykkti bæjarstjórn aðalskipulagið í október 2017. Það liggur nú hjá Skipulagsstofnun til athugunar og staðfestingar.




## Grasvandamál á flötum

Snemmsumars fór að bera á óánægju meðal kylfinga með ástand á flötum golfvallanna. Um var að ræða einæru grastegundina Poa annua sem náði sér vel á strik í sumar sökum þess að veturinn var mildur. Hún sáir sér sjálf í skemmda og veika bletti. Þar sem hún er grófari en túnvingullinn sem myndar grasflatirnar verða þær „flekkóttar“ og misjafnar.

Í nýja aðalskipulaginu er gert ráð fyrir að hluta af athafnasvæði GKG verði ráðstafað til annarra nota. Á móti er gert ráð fyrir að félaginu verði bætt það upp með svæði sem teygir sig í átt að Vífilsstaðavatni. Í aðalskipulaginu er Vífilsstaðalandið og aðliggjandi svæði skilgreind sem þróunarsvæði. Með hliðsjón af því ákvað Garðabær að efna til opinnar samkeppni um rammaskipulag fyrir svæðið sem m.a. tekur til alls athafnasvæðis GKG. Frestur til að skila keppnistillögum rann út 20. nóvember 2017.

# VIÐ FLYTJUM MÖGULEIKA Í BRETTAVÍS

Öflugt dreifikerfi flytur stórar sendingar
hratt og örugglega.

www.postur.is






Þótt Garðabær hafi ítrekað fullyrt að GKG muni ekki bera skarðan hlut frá borði og engu tapa í gæðum golfvallanna, er ljóst að félagið þarf að halda vöku sinni. Stjórn GKG hefur lagt áherslu á að vinna með bæjaryfirvöldum í því skyni að finna lausn sem hentar sem flestum. GKG er með langtímaleigusamnninga um landssvæðið sem Garðabær yfirtók þegar bærinn keypti Vífilsstaðalandið af ríkinu vorið 2017. Þessir samningar tryggja GKG ákveðna stöðu.

## Sjálfboðaliðar

GKG á því láni að fagna að aragrúi félaga og aðstandenda barna og unglinga er reiðubúinn að leggja á sig mikla vinnu í þágu félagsins í sjálfboðavinnu. Hér má nefna aðstoð við mótahald, aðstoð við barna- og unglingastarfið, dómgæslu á mótum, hreinsun á GKG-svæðinu og skipulagningu og utanumhald á þróttmiklu kvennastarfi og starfi eldri kylfinga, auk þess sem sjálfboðaliðar gegndu mikilvægu hlutverki við frágang á neðri hæð íþróttamiðstöðvarinnar.

Aldrei hefur verið reynt að meta til fjár óeigingjarnt framlag sjálfboðaliðanna til GKG. Ljóst er að það hleypur á milljónum króna á ári hverju. Þótt vinnuframlagið sé vissulega verðmætt, þá er það ekki síður velviljinn og hlýhugurinn í garð GKG sem skiptir máli. Það er gæfa GKG að eiga allt þetta góða og fórnfúsa fólk að.

## Rekstur og fjármál

Rekstur GKG undanfarin ár hefur verið með ágætum. Sú breyting var þó í ár að rekstrarniðurstaðan er neikvæð um rúmar 500 þús.kr. sem er nánast samkvæmt áætlun. GKG greiðir vexti af sveitarfélagslánum vegna byggingar íþróttamiðstöðvarinnar og var það vitað að næstu þrjú árin yrðu þung. Reksturinn gengur hins vegar vel eins og áður og skilaði klúbburinn EBITDA-hagnaði upp á tæpar 30 m.kr.

Heildarrekstrartekjur á starfsárinu námu 273 m.kr. Tekjur af félagsgjöldum námu 146 m.kr. sem er um 53% af heildartekjum. Heildarekstrarútgjöld námu 243 m.kr. Eins og fyrr segir er því hagnaður fyrir fjármagnsliði og afskriftir að fjárhæð 30 m.kr. Afskriftir eru tæpar 21 m.kr. og fjármagnsliðirnir eru rúmar 9 m.kr. Því er rekstrartap upp á rúmar 500 þús.kr.

GKG hefur staðið í miklum framkvæmdum á undanförnum misserum. Nú er búið að byggja upp aðstöðu fyrir félaga sem er með því allra besta hér á landi og þó víðar væri leitað. Það er því ánægjulegt að sjá að reksturinn er í takti við áætlanir og þær forsendur sem lagðar voru til grundvallar við byggingu íþróttamiðstöðvarinnar standist.

Þær fjárfestingar sem ráðist hefur verið í á undanförnum árum, vökvunarkerfi, malbikun stíga og bygging íþróttamiðstöðvar, hefur bitnað á endurnýjun tækjakosts GKG. Úr því þarf að bæta. Í ljósi þess er mikilvægt að GKG sýni áframhaldandi aðhald í rekstri.

Hér á eftir fara skýrslur um störf íþróttasviðs og helstu nefnda á starfsárinu.

# Stjórn og nefndir 2017



**FORMAÐUR**
Finnur Sveinbjörnsson
**VARAFORMAÐUR**
Þorgerður Jóhannsdóttir
**GJALDKERI**
Kristinn Jörundsson
**RITARI**
Ragnheiður Stephensen
**MEÐSTJÓRNENDUR**
Gunnar Jónsson
Jón K. Baldursson
Einar Gunnar Guðmundsson
Sigmundur E. Másson
Ingibjörg Þ. Ólafsdóttir
**FRAMKVÆMDASTJÓRI**
Agnar Már Jónsson
**SKRIFSTOFUSTJÓRI**
Guðrún Helgadóttir
**VALLARSTJÓRI**
Guðmundur Árni Gunnarsson
**AÐSTOÐARVALLARSTJÓRI**
Kristinn Bjarni Heimisson
Guðni Þorsteinn Guðnason
**ÍÞRÓTTASTJÓRI/PGA GOLFKENNARI**
Úlfar Jónsson
**AFREKSÞJÁLFARI/PGA GOLFKENNARI**
Derrick Moore
**UNGLINGAÞJÁLFARI/PGA GOLFKENNARI**
Haukur Már Ólafssson
**AGA- OG DÓMARANEFND**
Bergþóra Sigmundsdóttir
Ragnheiður Stephensen
Bergsveinn Þórarinsson
**FORGJAFARNEFND**
Kjartan Bjarnason
**KVENNANEFND**
Þorgerður Jóhannsdóttir
Bryndís Ósk Jónsdóttir
Helga Björg Steingrímsdóttir
Hildur Arnardóttir
Linda Björg Pétursdóttir
Sesselja Magnea Matthíasdóttir
Sigríður Hjaltadóttir
**KYNNINGARNEFND**
Sigurður Hlöðversson
**MÓTANEFND**
Jón K. Baldursson
Ari Már Torfason
Atli Ágústsson
Bergsveinn Þórarinsson
Björn Steinar Stefánsson
Eggert Ólafsson
Einar Gunnar Guðmundsson
Einar Vignir Hansson
Guðjón Kolbeinsson
Gunnar Árnason
Haukur Hermannson
Heimir Jón Guðjónsson
Helga Sigurgeirsdóttir
Helgi Már Halldórsson
Ingibjörg Þ. Ólafsdóttir
Ingibjörg Steinþórsdóttir
Jónína Pálsdóttir
Jörundur Þórðarson
Kjartan Bjarnason
Kristrún Sigurðardóttir
Ólafur Arnar Kristjánsson
Ólöf Ásgeirsdóttir
Randver Ármannsson
Sigurjón Sigurjónsson
Sigurður Ásgeir Ólafsson
Sóley Gyða Jörundsdóttir
Sæmundur Melstað
Þorgrímur Björnsson
**NÝLIÐANEFND**
Úlfar Jónsson
Derrick Moore
**ÍÞRÓTTANEFND**
Gunnar Jónsson, formaður
Gestur Þórisson
Helga Þorvaldsdóttir
Sigmundur Einar Másson
**FORELDRARÁÐ (undir íþróttanefnd)**
Elísabet Arndal
Gyða Guðjónsdóttir
Magnús Þór Scheving
**VALLARNEFND**
Bjarmi Guðlaugsson
Björgvin Smári Kristjánsson
Einar Þorsteinsson
Jóhanna Ríkey Sigurðardóttir
Ingunn Einarsdóttir
Sigurfinnur Sigurjónsson
**LAGANEFND**
Gunnar Jónsson
Bergþóra Sigmundsdóttir




**Búseta félagsmanna
í lok starfsárs 2017**




**Aldursskipting félaga
í lok starfsárs 2017**




**Kynjaskipting félagsmanna
í lok starfsárs 2017
Allir félagsmenn**



## Skýrsla íþróttasviðs GKG vegna 2017

**Markmið barna- og unglingastarfs GKG:**
að halda utan um og efla barna- og unglingastarf klúbbsins.

**Í samræmi við það eru meginmarkmið þessi:**

- Að veita ungum kylfingum í GKG, afreksmönnum jafnt og þeim sem skemmra eru á veg komnir, aðbúnað og atlæti sem jafnast á við það sem best gerist hjá öðrum golfklúbbum.
- Að styðja eftir föngum við bakið á íþróttastjóra og þjálfurum í því skyni að þeir megi ná sínum markmiðum.
- Að efla samstöðu ungu kylfinganna og félagsanda.
- Að efla samstöðu foreldra ungu kylfinganna og fá fleiri til þátttöku í því að búa þeim gott atlæti við ástundun íþróttarinnar.
- Að leita ráða til þess að fjölga stúlkum sem leika golf.
- Að tryggja öflugt upplýsingaflæði til foreldra og barna í því skyni að auka þátttöku þeirra enn.
- Að fjölga keppendum frá GKG á unglingamótum GSÍ og unglingamótaröð GKG.

**Íþróttanefnd:**
Gunnar Jónsson, formaður
Gestur Þórisson
Helga Þorvaldsdóttir
Sigmundur Einar Másson

**Foreldraráð:**
Elísabet Arndal
Gyða Guðjónsdóttir
Magnús Þór Scheving

**PGA þjálfarar:**
Derrick Moore
Haukur Már Ólafsson
Sigurpáll Geir Sveinsson
Úlfar Jónsson

**Aðstoðarleiðbeinendur:**
Sumarnámskeið:
Aron Snær Júlíusson
Egill Ragnar Gunnarsson
Emil Þór Ragnarsson
Ólafur Björn Loftsson



**Golfleikjanámskeið:**
Sverrir Ólafur Torfason, verkstjóri
Dagur Þórhallsson
Freydís Eiríksdóttir
Gunnar Blöndahl Guðmundsson
Hilmar Snær Örvarsson
Jóel Gauti Bjarkason
Jón Arnar Sigurðarson
Jón Gunnarsson
Magnús Friðrik Helgason
Óðinn Hjaltason Schiöth
Róbert Þrastarson
Sólon Baldvin Baldvinsson
Sverrir Ólafur Torfason
Viktor Markùsson
Viktor Snær Ívarsson

Barna- og unglingastarf: GKG státar af lang fjölmennasta barna og unglingastarfi golfklúbba landsins. Hér má sjá fjölda skráðra iðkenda í GKG 18 ára og yngri. Inni í þessum tölum eru börn sem taka þátt í golfleikjanámskeiðum GKG, en þau fá takmarkaða félagsaðild.




Taflan hér sýnir fjölda skráðra iðkenda sem taka þátt í félagsæfingum GKG yfir sumarið (júní – september).




Góður árangur í verki er niðurstaða af framúrskarandi samstarfi, fagþekkingu og reynslu. Frá árinu 1963 hefur Mannvit og forverar þess verið leiðandi í ráðgjöf á sviði orkunýtingar, iðnaðar og mannvirkja.

MANNVIT




Vinnuvélar
Tækjamiðlun Innflutningur Sala

Vinnuvélar– tækjamiðlun ehf // Kistumel 2 // 116 Reykjavík // Sími 480 0444 // vinnuvelar@vinnuvelar.is // www.vinnuvelar.is






Taflan hér sýnir fjölda skráðra iðkenda sem taka þátt í vetraræfingum GKG (nóvember – júní).




**Golfleikjanámskeið GKG:**
Mikil ásókn var í golfleikjanámskeið GKG og eru þau mjög mikilvæg fyrir nýliðun í golfíþróttinni. Fyrir flesta er þetta fyrsta kynning á golfi og því mikilvægt að vel sé tekið á móti krökkunum og þeim sinnt vel. Greinilegt var að margir smituðust af golf-bakteríunni því ásóknin jókst að sama skapi á félagsæfingunum, sem margir sóttu í kjölfarið á leikjanámskeiði. Taflan hér sýnir fjölda á golfleikjanámskeiðum GKG undanfarin þrjú ár:




Öflugt barna- og unglingastarf er forsenda endurnýjunar í íþróttinni og heilbrigðs reksturs í framtíðinni. GKG einsetur sér að halda forystu í barna- og unglingastarfi og leita áfram leiða til þess að laða að og halda börnum og unglingum í golfi.

**Keppnir barna- og unglinga:**
Við leggjum áherslu á að krakkarnir geti nálgast íþróttina á eigin forsendum. Sumir vilja mæta á æfingar og stunda þegar þeim hentar, meðan aðrir hafa brennandi áhuga og metnað til að ná langt. Við bjóðum upp á umgjörð sem sinnir hvoru tveggja.
Við hvetjum krakkana til þátttöku í keppnum en gætum þess að þau fái verkefni við hæfi. Líkt og undanfarin ár vorum við með tvær mótaraðir, Mix mótaröðina í Mýrinni og Egils Kristals unglingamótaröðina fyrir vanari unglingana á Leirdalsvelli.
Mix mótaröðin er mikilvæg fyrir fyrstu skrefin í keppni þar sem lögð er áhersla á afslappað andrúmsloft og að þau njóti sín að spila í góðum félagsskap. Á þessum vettvangi læra þau að fara eftir helstu reglum, halda skor o.s.frv. Í takt við aukna ásókn á



golfleikjanámskeið og félagsæfingar, var mikil aukning í þátttöku barna í Mix mótaröðinni, en yfir 80 krakkar tóku þátt í a.m.k. einu móti í sumar.

Þegar krakkarnir hafa tekið þátt í Kristals mótaröðinni nokkrum sinnum beinum við þeim í Áskorendamótaröð GSÍ, sem eru 18 holu mót, og loks Íslandsbankamótaröðina, sem eru 36–54 holu mót leikin á tveimur til þremur dögum, ætluð forgjafarlægstu börnum og unglingum.

Eins og sést á stöplaritinu á GKG flesta þátttakendur á Íslandsbankamótaröð unglinga – „Þar sem stjörnur verða til“, en eitt af markmiðum okkar hefur verið að hafa sem breiðastan hóp keppenda í öllum mótaröðum.




**Eimskipsmótaröðin – „Mótaröð þeirra bestu“:**
Að neðan sést að meðalfjöldi keppenda á Eimskipsmótaröðinni fer minnkandi. Seinustu tvö tímabil hafa verið leikin 8 mót hvort tímabil, en 2015 voru 6 mót. GKG er með þriðja flesta keppendur.




**Afreksstarf:**
Árangur okkar fremstu kylfinga var oft á tíðum mjög glæsilegur og standa eftirfarandi afrek upp úr.

Birgir Leifur Hafþórsson náði langþráðu markmiði sínu að sigra í næst sterkustu deild Evrópu, Áskorendamótaröðinni (e. Challenge Tour). Með sigrinum hefur hann tryggt sér fullan þátttökurétt á þeirri mótaröð næstu tvö ár og takmarkaðan rétt á evrópsku mótaröðinni (e. European Tour). Stórglæsilegur árangur sem sýnir að Birgir Leifur er enn í sókn sem atvinnukylfingur.

Aron Snær Júlíusson sigraði á tveimur mótum í röð hér heima á Eimskipsmótaröðinni og fór síðan til Þýskalands þar sem hann lék glæsilega á fyrsta stigi úrtökumóta fyrir evrópsku mótaröðina og tryggði sér þátttökurétt á öðru stigi af þremur. Aroni Snæ tókst ekki að komast inn á þriðja og lokastigið, en það eitt að komast á annað stigið í fyrstu tilraun er glæsilegur árangur.

**Íslandsmeistaratitlar**
Alls lönduðu GKG kylfingar sjö Íslandsmeistaratitlum.

**Íslandsmeistari í holukeppni 14 ára og yngri**
Flosi Valgeir Jakobsson

**Íslandsmeistari í höggleik 14 ára og yngri**
Eva María Gestsdóttir

**Íslandsmeistari í holukeppni 19–21 árs og í karlaflokki**
Egill Ragnar Gunnarsson

**Íslandsmót golfklúbba**
Sveitir 12 ára og yngri drengja
Sveitir 15 ára og yngri drengja
A sveit karla 1. deild

Með sigri í Íslandsmóti golfklúbba 1. deild tryggði GKG sér þátttökurétt á EM klúbbliða sem haldið var í Frakklandi 26.–28. október. Fyrir hönd klúbbsins léku Aron Snær Júlíusson, Ragnar Már Garðarsson og Sigurður Arnar Garðarsson. Liðsstjóri/þjálfari var Haukur Már Ólafsson. Strákarnir stóðu sig með mikilli prýði en þeir enduðu í 7. sæti af 25 klúbbliðum. RCF La Boulie, golfklúbbur í Frakklandi, stóð uppi sem sigurvegari í mótinu. Aron Snær lék best okkar manna á 3 höggum undir pari samtals (68,74,68) og endaði í 3. sæti. Ragnar Már endaði í 33. sæti í einstaklingskeppninni á 11 höggum yfir pari í heildina (77,75,72). Sigurður Arnar endaði í 47. sæti (74,78,78).



**Stigameistarar á Íslandsbankamótaröðinni:**
Eva María Gestsdóttir, 14 ára og yngri telpur

**Klúbbmeistarar GKG**
Egill Ragnar Gunnarsson
Ingunn Gunnarsdóttir

**Landsliðssæti**
Aron Snær Júlíusson, EM karlalandslið í Póllandi
Hulda Clara Gestsdóttir, EM stúlknalandslið í Noregi


BORGUN
Betri árangur með
fjölbreyttum greiðslulausnum
mastercard
maestro
VISA
VISA
JCB
Diners Club
DISCOVER

Hér má sjá verðlaunayfirlit úr Eimskips- og Íslandsbankamótaröðunum, sem og Íslandsmótum golfklúbba:

**Skipting verðlauna á Eimskipsmótaröð 2017**




**Skipting verðlauna á Íslandsmótum unglinga og golfklúbba 18 ára og yngri**




**Eldri kylfingar (LEK):**

GKG á breiðan hóp kylfinga sem keppir í mótaröðum LEK. Ánægjulegt að GKG átti 6 kylfinga í landsliðum Íslands.

**Landsliðssæti**

María Málfríður Guðnadóttir, EM kvenna 50 ára og eldri í Slóvakíu
Atli Ágústsson, EM karla 70 ára og eldri í Tékklandi
Gunnar Páll Þórisson, ESGA karla 55 ára og eldri í Póllandi
Guðlaugur Kristjánsson, ESGA karla 55 ára og eldri í Póllandi
Helgi Svanberg Ingason, ESGA karla 55 ára og eldri í Póllandi
Þorsteinn Reynir Þórsson, ESGA karla 55 ára og eldri í Póllandi

Í Íslandsmótum golfklúbba eldri kylfinga náðu konurnar 2. sæti í 1. deild kvenna sem fór fram í Vestmannaeyjum, en karlarnir luku keppni í 4. sæti í 1. deild sem fór fram í Öndverðarnesi.

**Æfingaaðstaða:**

Íþróttamiðstöðin hefur gjörbylt öllu starfi GKG, hvort sem er fyrir uppbyggingarstarf, afreksstarf eða hinn almenna félagsmann. Í sumar nýttust fundarherbergi einstaklega vel til funda og fyrirlestra fyrir keppnishópana. Annar veturinn þar sem æfingar fara fram í nýju aðstöðunni er framundan. Ný Trackman greiningartæki þar sem netin voru áður munu lyfta vetraræfingunum á enn hærra plan. Þó að golfið sé alltaf skemmtilegast á sumrin er ákveðin tilhlökkun í að hefja vetrarstarfið í jafn góðri aðstöðu og raun ber vitni.




Æfingaaðstaðan í Kórnum er okkur áfram mjög mikilvæg, en æfingar barna- og unglingastarfsins verða bæði þar og í íþróttamiðstöðinni. Flestöll námskeið sem haldin verða seinnipart dags eða kvöld á vegum GKG verða í Kórnum, svo aðgengi félagsmanna til æfinga í íþróttamiðstöðinni verði sem best.

Á heimasíðu GKG verða upplýsingar um hvenær opið er í Kórnum og í íþróttamiðstöðinni.

**Almenn námskeið:**

Boðið var upp á fjölmörg námskeið fyrir félagsmenn í Kórnum yfir vetrarmánuðina og í sumar. Sigurpáll Geir Sveinsson, PGA golfkennari var ráðinn til starfa og voru námskeiðin hjá honum sem og Hlöðveri Guðnasyni mjög vel sótt.

**Nýliðanámskeið:**

Nýliðanámskeið voru haldin í vor fyrir nýja félaga sem teljast byrjendur, þ.e. hafa enga forgjöf og hafa ekki sótt nýliðanámskeið annars staðar. Markmið nýliðanámskeiðanna er að taka vel á móti nýjum félögum, kynna fyrir þeim helstu starfsemi klúbbsins og veita þeim grunnkennslu hvað varðar tækni og leikinn sjálfan. Alls fóru um 45 nýliðar í gegnum fræðslunámskeiðið í vor. Sú nýbreytni var að nýliðum var boðinn vikulegur tími frá miðjum maí til loka júlí og mæltist það vel fyrir og hjálpaði þessum nýju félagsmönnum að ná fljótar tökum á golfinu og að njóta sín betur.

Við þökkum starfsmönnum, nefndarmönnum, aðstandendum og ekki síst sjálfboðaliðum fyrir mjög ánægjulegt samstarf á árinu.

Áfram GKG!

f.h. íþróttasviðs,

| | |
|---|---|
| Úlfar Jónsson | Gunnar Jónsson |
| íþróttastjóri | formaður íþróttanefndar |



## Skýrsla kvennanefndar GKG fyrir árið 2017

Núverandi kvennanefnd GKG tók til starfa fyrir tveimur árum og skipti strax með sér verkum. Hana skipa: Þorgerður Jóhannsdóttir, formaður, Sesselja Magnea Matthíasdóttir, varaformaður, Helga Björg Steingrímsdóttir, ritari, Linda B. Pétursdóttir, gjaldkeri, Bryndís Ósk Jónsdóttir, Hildur Kristjana Arnardóttir og Sigríður Hjaltadóttir meðstjórnendur.

### Hlutverk kvennanefndar:

- Stuðla að samvinnu og samstöðu kvenna í GKG og efla félagsanda meðal þeirra.
- Hafa fasta rástíma þar sem konur geta skráð sig og leikið með öðrum konum.
- Hlúa sérstaklega vel að og bjóða velkomna nýja félaga.
- Að reynslumeiri konur leiki reglulega með reynsluminni.
- Eiga samstarf við aðra golfklúbba.

### Markmið kvennanefndar:

Að hlutfall kvenna í klúbbnum sé hærra en í nokkrum öðrum golfklúbbi á landinu.

Starf nefndarinnar er sjálfboðaliðastarf en starfið er að sama skapi mjög gefandi og skemmtilegt, sérstaklega þegar viðtökur eru jafngóðar og þær hafa verið við starfi okkar. Aðstaða okkar hjá GKG er öll sú sem best gerist á landinu, allir viðburðir hafa verið meira og minna uppseldir, þátttaka kvenna í Meistaramóti GKG jókst um 38% og konum hefur fjölgað í klúbbnum um 4%. Takk GKG konur.

Nefndin tók upp á þeirri nýbreytni að gera samninga við tvo styrktaraðila vorið 2016, TARAMAR, sem er íslenskt sprotafyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun og framleiðslu á afburða hreinum lífvirkum húðvörum sem draga úr sjáanlegum áhrifum öldrunar. Einnig Víntríó ehf. sem selur Freixenet freyðivín. Samningana endurnýjuðum við svo að ári þar sem fyrirtækin höfðu stutt okkur svo dyggilega árið áður. Þökkum við þessum fyrirtækjum sem og öllum þeim fjölmörgu fyrirtækjum sem gáfu okkur vinninga í ár. Vil ég sérstaklega nefna Brauð og Co. af öllum öðrum ólöstuðum, það er ómetanlegt að eiga ykkur að og án stuðnings ykkar væri erfitt að halda starfi sem okkar svona öflugu.

GKG-konur voru með fasta tíma annan hvorn þriðjudag. Frá 17. janúar fram að páskum og fengum við í ár Hlöðver Guðnason PGA golfkennara til liðs við okkur með 6 vikna námskeið í Kórnum. Mikil þátttaka var og varð strax uppselt í bæði hollin í allan vetur. Eftir að námskeiðinu lauk tók við tveggja kvölda púttmótaröð.

Í vor vorum við með fyrirlestraröð sem var mjög vinsæl. Hún hófst á konudaginn 19. febrúar, en þá fengum við til okkar Valdísi Þóru í brunch þar sem Valdís Þóra fór yfir leið sína á LET Evrópumótaröðina.
Hlöðver Guðnason PGA golfkennari var hjá okkur 21. mars með fyrirlesturinn „Lesið í golfvelli“. Sigurpáll Geir Sveinsson PGA golfkennari leiðbeindi okkur 25. apríl um núvitundina með fyrirlestrinum „Með hausinn á vellinum“ og að lokum kom Þorgrímur Björnsson golfdómari með „Reglukvöld“ þann 17. maí.

Skemmtikvöldið var að vanda síðasta vetrardag. Í ár var New York, New York – sjöundi áratugurinn þema kvöldsins. Hófið hófst með fordrykk frá Freixenet, hinn eini sanni Geir Ólafsson kom og söng fyrir okkur að sinni alkunnu snilld. Vignir kokkur og hans starfsfólk sá um glæsilegan mat og þjónustu og stjórnin sá um tískusýningu á golffatnaði frá Golf Company og skóm frá Ecco.

Í sumar voru fastir golftímar alla þriðjudaga í Mýrinni og mót síðasta þriðjudag frá maíbyrjun til ágústloka. 30. maí héldum við Freixenet – Texas scramble mót. 27. júní héldum við Freixenet – einstaklingsmót með hámarksforgjöf 54. 25. júlí héldum við Freixenet – punktamót og að lokum 29. ágúst héldum við Freixenet – Svört og gyllt og krýndum við þar fröken „Svört og gyllt“. Tvö TARAMAR mót voru hjá okkur í Leirdalnum: 1. ágúst var einstaklingsmót (hafði verið frestað vegna veðurs 18. júlí) og lokamótið okkar var sunnudaginn 3. sept. Þar með lauk sumargolfinu. Lokahófið var föstudaginn 8. sept. í Mulligan. Þar



voru verðlaunaafhendingar fyrir lokamótið og Mýrarspilið, góður matur og velgjörðir að hætti Vignis kokks, Tomma, Jönu og þeirra fólks og hljómsveit Viggu og Bjarna hélt uppi stuðinu af sinni alkunnu snilld.

Nýjung í ár var að fara í vorferð og fórum við á Hólmsvöll í Leiru þann 13. maí þar sem við héldum fyrsta mót sumarsins, TARAMAR Eurovision-mót í svölu íslensku vorveðri. Ánægjan var mikil og verður þetta væntanlega fastur punktur hjá okkur í starfinu. Hið árlega vinkvennamót var haldið með Oddskonum. GO konur unnu vinkvennakeppnina og verðum við nú að spýta í lófana GKG konur og taka skjöldinn að ári. Vissuferð var farin á Strandarvöll á Hellu 11. ágúst. Áttum við góðan dag en fengum sýnishorn af öllu veðri sem getur brostið á á einum hring, þar sem nokkrar regnhlífar fengu að fjúka um Suðurlandið, en sólin þurrkaði okkur að lokum. Ferðinni lauk með kvöldverði og voru allar konur leystar út með gjöfum frá TARAMAR sem gaf okkur einnig öll stærstu verðlaunin í mótið.

Sumarið 2016 bauð TARAMAR kvennanefnd GKG Stjörnustelpum í handbolta á tveggja kvölda kynningarnámskeið í golfi. Tilgangurinn er að kynna íþróttina fyrir ungum stelpum og helst að fá þær í GKG. Í ár voru það síðan Breiðabliksstelpur í fótboltanum sem komu á námskeið hjá Hlöðveri. Stelpurnar í báðum félögum létu vel af þessum kynningum, þeim var einnig boðið í golfskálann, sýnd þar öll aðstaða og boðið upp á léttar veitingar. TARAMAR leysti þær síðan út með gjöfum frá fyrirtækinu.

Í haust var auglýst 10 kvölda námskeið í Kórnum með Hlöðveri og eru um 30 konur skráðar á námskeiðið. Þar hefur t.d. verið kennd lengdarstjórnun í púttvippum og púttum. Til að brjóta upp námskeiðið var púttmót þann 7.11. og verður annað púttmót síðasta dag námskeiðsins þann 5. des.

Þegar litið er til baka má segja að það hafi blásið frekar hressilega um okkur GKG konur í ár, sérstaklega þegar við spiluðum að heiman. GKG konur létu það ekkert á sig fá, klæddu sig bara eftir veðri og spiluð sitt golf.

F.h. kvennanefndarinnar vil ég að lokum þakka öllum þeim sem komið hafa að starfi okkar í ár og gert það jafn glæsilegt og raun varð á. Fyrst og fremst hinni einu og sönnu GKG konu sem mætir í viðburðina okkar, án hennar væri ekkert kvennastarf. Starfsfólki GKG og þá sérstaklega unga fólkinu í skráningunni, þau eru alltaf jafn kurteis og þolinmóð þegar við GKG konur hringjum í þau og/eða mætum á staðinn. Ræsarnir, staffið á Mulligan, kennarar, skrifstofufólkið, þið eruð frábær. Hlökkum til næsta árs með ykkur.

Kveðja,
Þorgerður Jóhannsdóttir




HVER SEM ÍÞRÓTTIN ER, MARKMIÐIÐ ER ALLTAF AÐ VERÐA BETRI.
HLEÐSLA ER ÍÞRÓTTADRYKKUR ÚR NÁTTÚRULEGUM ÍSLENSKUM
HÁGÆÐAPRÓTEINUM SEM BYGGIR UPP VÖÐVANA.
MEIRI ÁTÖK. MEIRI HLEÐSLA. MEIRI ÁRANGUR.

HLEDSLA.IS



## Störf mótanefndar 2017

Mótasumarið 2017 með passlegu mótaálagi tókst með ágætum. Almennt má segja að þau mót sem haldin voru hafi verið fjölsótt og vel heppnuð. Mótaálag minnkaði nokkuð miðað við árið 2016. Fjöldi mótadaga sem mannaðir voru með sjálfboðaliðum frá mótanefnd árið 2017 voru 17 en það var fækkun um 7 daga frá árinu 2016.

| | | Samtals dagar | Samtals dagar | Samtals dagar |
|---|---|---|---|---|
| **Tegund móts** | **Völlur** | **2015** | **2016** | **2017** |
| Fyrirtækjamót | Leirdalur | 6 | 10 | 9 |
| GSÍ mót | Leirdalur | 0 | 6 | 3 |
| Kvennamót | Leirdalur | 2 | 3 | 3 |
| LEK mót | Leirdalur | 0 | 1 | 0 |
| Öldungamót | Leirdalur | 2 | 2 | 2 |
| Opin mót | Leirdalur | 7 | 7 | 5 |
| Unglingamót | Leirdalur | 9 | 6 | 8 |
| Innanfélagsmót, önnur | Leirdalur | 22 | 20 | 21 |
| Leirdalur samtals | | 48 | 55 | 53 |
| | | | | |
| Kvennamót | Mýrin | 4 | 4 | 9 |
| Öldungamót | Mýrin | 0 | 2 | 3 |
| Unglingamót | Mýrin | 8 | 6 | 7 |
| Innanfélagsmót, önnur | Mýrin | 6 | 8 | 9 |
| Mýrin samtals | | 18 | 20 | 28 |
| | | | | |
| **Samtals alls** | | **66** | **75** | **81** |

| | 2015 | 2016 | 2017 | Breyting frá 2016 |
|---|---|---|---|---|
| **Mótadagar sem mannaðir voru með sjálfboðaliðum frá mótanefnd** | **14** | **24** | **17** | **-7** |




Sumarið var að mestu með hefðbundnu sniði hvað varðar mótahald. Þó ber að nefna sérstaklega eitt óhefðbundið mót sem haldið var á Leirdalsvelli. Góðgerðarmót Ólafíu Þórunnar Kristinsdóttir og KPMG var haldið snemma í ágúst en þetta var í fyrsta skipti sem slíkt mót er haldið á landinu. Ólafía Þórunn mætti þá til leiks ásamt fjórum kollegum sínum af LPGA mótaröðinni, þeim Söndru Gal, Vicky Hurst, Gaby Lopez og Tiffany Joh auk Valdísar Þóru Jónsdóttur kylfings á LET mótaröðinni og nokkrum af bestu kven- og karlkylfingum landsins. Þessir kylfingar spiluðu flott sýningargolf með öðrum almennum kylfingum sem tóku þátt í mótinu þrátt fyrir frekar erfið veðurskilyrði. Fyrirtæki keyptu sér ráshóp eða hluta úr ráshópi og rann öll innkoman til styrktar Barnaspítalanum. LPGA leikmaður eða afrekskylfingur spilaði með einhverjum ráshópanna sem fimmti leikmaður í ráshópnum. Allir ráshópar fengu að spila nokkrar holur með LPGA leikmanni og aðrar holur með afrekskylfingi og var þeim reglulega skipt út. Við skiptingu fór LPGA kylfingur eða afrekskylfingur í flestum tilfellum aftur um eina holu til að hitta næsta ráshóp á eftir. Ólafía Þórunn var hins vegar allt mótið á 13. holunni og spilaði hana með öllum ráshópum. Mikil vinna fór í undirbúning mótsins en framkvæmdin var mjög krefjandi vegna allra þeirra skiptinga sem þurftu að eiga sér stað á hárréttum tíma. Talsverður fjöldi sjálfboðaliða tók þátt í framkvæmd mótsins en ljóst er að bæði ungir og aldnir nutu þess að fylgjast með, fá eiginhandaráritanir, spjall og myndir af sér með þessum frábæru kylfingum. Mót sem þetta er án efa mikil lyftistöng fyrir golfíþróttina hér heima.

Einungis voru haldin 4 opin mót. Þrjú af þeim eru búin að ávinna sér sterkan sess og hafa verið vel sótt, þ.e. Sumarsólstöðumótið, Bylgjumótið og Minningarmótið. Opið unglingamót fyrir 18 ára og yngri var haldið í byrjun sumars, lukkaðist vel og er stefnt að því að það verði fastur liður hjá klúbbnum framvegis.

Innanfélagsmótin vinsælu voru á sínum stað. Fastir liðir eins og hjóna- og parakeppnin, meistaramótið, mánudagsmótaröðin og holumeistarakeppnin voru vel sótt. Færri komust að en vildu í hjóna- og parakeppnina og umtalsverð fjölgun var í meistaramótið.

Meistaramótið var haldið dagana 2.–8. júlí. Skráður var 361 þátttakandi til leiks á móti 314 árið á undan. Fjölgun um 47 eða 15%. Smá breytingar voru gerðar í einstökum flokkum í meistaramótinu sem mæltust vel fyrir. Gerð var könnun meðal félaga fyrir mótið og breytingar gerðar miðað við þau svör sem bárust. Má þar m.a. nefna að leikin var punktakeppni í 5. flokki karla og höggleikur með forgjöf í öldungaflokkum eins og áður en nú með hámarks höggafjölda á hverja holu en einnig voru veitt verðlaun í öldungaflokkum fyrir höggleik án forgjafar. Fækkað var aftur um einn dag í flokkum unglinga 13–18 ára þannig að spiladagar voru samtals 3 í hverjum flokki. Börn og unglingar fengu ekki leikheimild í fullorðinsflokkum nema hafa meistaraflokksforgjöf. Til prufu var þó gefin undanþága á þátttöku í meistaraflokki þrátt fyrir að hafa ekki meistaraflokksforgjöf með því skilyrði að samþykki foreldra og þjálfara lægi fyrir.

Hin vinsæla punktamótaröð var haldin í ár eins og undanfarin tvö ár. Rástímaskráningar voru gerðar frjálsari innan þeirra mánudaga sem mótaröðin var á og mæltist það vel fyrir. Eggert Ólafsson var mótsstjóri punktamótanna í ár eins og undanfarin tvö ár.

Innanfélagsmótið „Ljós í myrkri“ var nýbreytni í ár en það var 12 holu mót sem haldið var í myrkrinu síðla í september og tókst með eindæmum vel. Leiknar voru þrjár holur Leirdalsvallar, þ.e. 1., 17. og 18. ásamt öllum 9 holum Mýrarinnar. Leikmenn spiluðu með boltum sem lýstust upp við að greiða þeim högg og notuð voru svokölluð glóljós til að auðkenna m.a. leikmenn, fjarlægðarstikur og flaggstangir. Svo vinsælt var mótið að slíkt mót verður örugglega haldið aftur að ári en undirbúningur fyrir það er þegar hafinn. Ingibjörg Ólafsdóttir var aðalfrumkvöðull mótsins og jafnframt mótstjóri.

Eitt GSÍ mót, Íslandsbankamótaröðin (6), var haldið á Leirdalsvelli 25.–27. ágúst við erfið veðurskilyrði. Þetta var höggleikur í unglingaflokkum 17–21 árs. Prófuð var sú nýjung að taka niður skor á nokkrum stöðum úti á velli og varpa beint upp á skjá í skálanum en það mæltist vel fyrir. Aflýsa þurfti leik á laugardeginum vegna veðurs. Í lok móts á sunnudegi var uppskeruhátíð GSÍ fyrir unglingamótaraðirnar haldin í Mulligan.

| Dags. | | Mót | Fyrirkomulag | Hringir | Tegund |
|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | |
| 06.05.17 | GKG | Opnunarmót GKG 2017 | Punktakeppni | 1 | Innanfélagsmót |
| 17.05.17 | GKG | Æfingamót 65+ | Almennt | 1 | Innanfélagsmót |
| 18.05.17 | GKG | Golfmót Össurar | Texas scramble | 1 | Almennt |
| 20.05.17 | GKG | Opna Ping ungl.mótið 18 ára og yngri | Punktakeppni | 1 | Unglingamót |
| 23.05.17 | GKG | Kvennagolf | Punktakeppni | 1 | Kvennamót |
| 26.05.17 | GKG | Smith og Norland | Texas scramble | 1 | Almennt |
| 26.05.17 | GKG | GG-Verk | Punktakeppni | 1 | Almennt |
| 27.05.17 | GKG | Hjóna- og parakeppni GKG | Punktakeppni | 1 | Innanfélagsmót |
| 30.05.17 | GKG | Freixenet-Texas scramble mót | Punktakeppni | 1 | Kvennamót |
| 31.05.17 | GKG | Íslandsbanki boðsmót | Punktakeppni | 1 | Almennt |
| 01.06.17 | GKG | Platmót til að halda utan um skor | Punktakeppni | 1 | Almennt |
| 06.06.17 | GKG | GKG Öldungar 65+ mótaröðin (1) | Almennt | 1 | Innanfélagsmót |
| 06.06.17 | GKG | Kvennagolf | Punktakeppni | 1 | Kvennamót |
| 07.06.17 | GKG | TM - boðsmót | Texas scramble | 1 | Almennt |
| 09.06.17 | GKG | Hekla boðsmót | Texas scramble | 1 | Almennt |
| 12.06.17 | GKG | Mánudagsmótaröðin (1) | Punktakeppni | 1 | Innanfélagsmót |
| 13.06.17 | GKG | Vinkvennamót GKG og GO | Punktakeppni | 1 | Kvennamót |
| 13.06.17 | GKG | Kvennagolf | Punktakeppni | 1 | Kvennamót |
| 14.06.17 | GKG | Egils Kristals mótaröðin (1) | Höggleikur með og án fgj. | 1 | Unglingamót |
| 15.06.17 | GKG | Boðsmót Eldeyjar | Texas scramble | 1 | Almennt |
| 15.06.17 | GKG | Starfsmannamót Arion Banki | Punktakeppni | 1 | Almennt |
| 18.06.17 | GKG | Golfmót starfsmanna Lexus og Toyota | Punktakeppni | 1 | Almennt |
| 19.06.17 | GKG | Toyota Challange | Almennt | 1 | Almennt |
| 19.06.17 | GKG | Mánudagsmótaröðin (2) | Punktakeppni | 1 | Innanfélagsmót |
| 22.06.17 | GKG | Mix mótaröð byrjenda (1) | Punktakeppni | 1 | Unglingamót |
| 24.06.17 | GKG | Sumarsólstöðumót Stella Artois | Punktakeppni | 1 | Almennt |
| 26.06.17 | GKG | Mánudagsmótaröðin (3) | Punktakeppni | 1 | Innanfélagsmót |
| 27.06.17 | GKG | Kvennagolf- FREIXENET – einstakl. | Punktakeppni | 1 | Innanfélagsmót |
| 28.06.17 | GKG | Egils Kristals mótaröðin (2) | Höggleikur með og án fgj. | 1 | Unglingamót |
| 29.06.17 | GKG | Golfmót - Félags hjúkrunarfræðinga | Punktakeppni | 1 | Almennt |
| 30.06.17 | GKG | Lexus Cup | Punktakeppni | 1 | Almennt |
| 01.07.17 | GKG | Niðjamótið 2017 | Greensome | 1 | Innanfélagsmót |
| 02.07.17 | GKG | Meistaramót GKG | Höggleikur án forgjafar | 7 | Innanfélagsmót |
| 02.07.17 | GKG | Meistaramót GKG 12 ára og yngri | Höggleikur með og án fgj. | 3 | Unglingamót |
| 02.07.17 | GKG | Meistaramót GKG 13-14 ára | Höggleikur með og án fgj. | 3 | Unglingamót |
| 10.07.17 | GKG | Mánudagsmótaröðin (4) | Punktakeppni | 1 | Innanfélagsmót |
| 11.07.17 | GKG | Kvennagolf | Punktakeppni | 1 | Kvennamót |
| 12.07.17 | GKG | Egils Kristals mótaröðin (3) | Höggleikur með og án fgj. | 1 | Unglingamót |
| 12.07.17 | GKG | GKG Öldungar 65+ mótaröðin (3) | Almennt | 1 | Innanfélagsmót |
| 13.07.17 | GKG | Mix mótaröð byrjenda (2) | Punktakeppni | 1 | Unglingamót |
| 16.07.17 | GKG | N1 á Mýrinni | Punktakeppni | 1 | Almennt |
| 17.07.17 | GKG | Mánudagsmótaröðin (5) 17.7 | Punktakeppni | 1 | Innanfélagsmót |
| 24.07.17 | GKG | Mánudagsmótaröðin (6) 24.7 | Punktakeppni | 1 | Innanfélagsmót |
| 25.07.17 | GKG | Kvennagolf- FREIXENET – einstakl. | Punktakeppni | 1 | Kvennamót |
| 26.07.17 | GKG | Egils Kristals mótaröðin (4) | Höggleikur með og án fgj. | 1 | Unglingamót |
| 26.07.17 | GKG | Íslandsmót golfklúbba 12 ára og yngri | Annað - sjá lýsingu | 1 | Unglingamót |
| 27.07.17 | GKG | Mix mótaröð byrjenda (3) | Punktakeppni | 1 | Unglingamót |
| 31.07.17 | GKG | Mánudagsmótaröðin (7) | Punktakeppni | 1 | Innanfélagsmót |
| 01.08.17 | GKG | Leirdalur – TARAMAR - innanf. | Punktakeppni | 1 | Kvennamót |
| 01.08.17 | GKG | Kvennagolf | Punktakeppni | 1 | Kvennamót |







# ÍSLANDSMÓTIÐ Í GOLFI 2017
# ÞAU BESTU NOTA TITLEIST







Titleist
#1 ball in golf.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 04.08.17 | GKG | Dagnýjarbikarinn | Annað – sjá lýsingu | 1 | Almennt |
| 08.08.17 | GKG | Góðgerðarmót Ólafíu Þórunnar og KPMG | Punktakeppni | 1 | Almennt |
| 09.08.17 | GKG | Egils Kristals mótaröðin (5) | Höggleikur með og án fgj. | 1 | Unglingamót |
| 10.08.17 | GKG | GKG Öldungar 65+ mótaröðin (4) | Almennt | 1 | Innanfélagsmót |
| 10.08.17 | GKG | Mix mótaröð byrjenda (4) | Punktakeppni | 1 | Unglingamót |
| 12.08.17 | GKG | Bylgjan Open | Punktakeppni | 2 | Almennt |
| 14.08.17 | GKG | Stella boðsmót | Texas scramble | 1 | Almennt |
| 15.08.17 | GKG | Fyrirtækjamót barna- og unglinga-starfs | Punktakeppni | 1 | Almennt |
| 15.08.17 | GKG | Kvennagolf | Punktakeppni | 1 | Kvennamót |
| 16.08.17 | GKG | Stullar - Safnmót 8 2017 | Punktakeppni | 1 | Almennt |
| 17.08.17 | GKG | Goða- og gyðjumótið | Almennt | 1 | Almennt |
| 17.08.17 | GKG | GONÝ | Punktakeppni | 1 | Almennt |
| 18.08.17 | GKG | Læknamót | Punktakeppni | 1 | Almennt |
| 18.08.17 | GKG | Mótanefndarmótið | Almennt | 1 | Innanfélagsmót |
| 20.08.17 | GKG | Siglfirðingamótið 2017 | Punktakeppni | 1 | Almennt |
| 20.08.17 | GKG | Golfmót starfsmanna Toyota | Punktakeppni | 1 | Almennt |
| 21.08.17 | GKG | Sumarmót Mannvits 2017-Mót 2 | Punktakeppni | 1 | Almennt |
| 22.08.17 | GKG | Kvennagolf | Punktakeppni | 1 | Kvennamót |
| 23.08.17 | GKG | Egils Kristals mótaröðin (6) | Höggleikur með og án fgj. | 1 | Unglingamót |
| 24.08.17 | GKG | Deloitte boðsmót | Texas scramble | 1 | Almennt |
| 24.08.17 | GKG | Alba gu bráth | Punktakeppni | 1 | Almennt |
| 24.08.17 | GKG | Mix mótaröð byrjenda (5) | Punktakeppni | 1 | Unglingamót |
| 25.08.17 | GKG | Íslandsbankamótaröðin (6) | Höggleikur án forgjafar | 3 | Unglingamót |
| 29.08.17 | GKG | Fóstbræðrakórinn | Punktakeppni | 1 | Almennt |
| 29.08.17 | GKG | Kvennagolf-FREIXENET-lokamót | Punktakeppni | 1 | Kvennamót |
| 30.08.17 | GKG | Ímark | Texas scramble | 1 | Almennt |
| 01.09.17 | GKG | Vinamót Gunnars | Almennt | 1 | Almennt |
| 02.09.17 | GKG | Vinamót Gunnars | Almennt | 1 | Almennt |
| 03.09.17 | GKG | Leirdalur – TARAMAR lokamót | Punktakeppni | 1 | Kvennamót |
| 08.09.17 | GKG | Starfsmannamót N1 | Punktakeppni | 1 | Almennt |
| 09.09.17 | GKG | Minningarmót GKG – styrktarmót afrekssviðs | Punktakeppni | 1 | Almennt |
| 13.09.17 | GKG | GKG Öldungar 65+ mótaröðin – loka-mót og hóf | Almennt | 1 | Innanfélagsmót |
| 21.09.17 | GKG | Ljós í myrkri – lýsum haustmyrkrið upp með leiftrandi golfi | Punktakeppni | 1 | Almennt |
| 27.09.17 | GKG | Guðrúnarbikarinn | Punktakeppni | 1 | Almennt |
| 07.10.17 | GKG | Bændaglíma GKG 2017 | Almennt | 1 | Almennt |
| 07.10.17 | GKG | Bændaglíman 2017 (Mýrin) | Almennt | 1 | Almennt |
| 08.10.17 | GKG | BG 2017 MÝ uppgjör | Punktakeppni | 1 | Almennt |
| 09.10.17 | GKG | BG 2017 LD uppgjör | Punktakeppni | 1 | Almennt |

Lagður er mikill metnaður í mótahaldið og stöðugt er verið að leita leiða til að gera enn betur. Vandséð er að hægt sé að standa vel að mótunum án allra þeirra sem lagt hafa hönd á plóg við undirbúning og framkvæmd þeirra. Sem betur fer býr GKG að mörgu góðu fólki sem tilbúið er að ljá félaginu tíma sinn og krafta því til framdráttar.

Að lokum vil ég þakka mótanefndarfólki og öðrum þeim sem lögðu fram krafta sína í sjálfboðavinnu vegna mótanna fyrir gott og óeigingjarnt sjálfboðaliðastarf í þágu GKG á árinu 2017. Starfsfólki GKG, starfsfólki veitingasölunnar og öllum þeim sem komu að mótum GKG í ár með einhverjum hætti vil ég einnig þakka fyrir gott samstarf á árinu.

Jón K. Baldursson,
formaður mótanefndar.

## ÚRSLIT Í MEISTARAMÓTI GKG 2017

| **Meistaraflokkur karla** | **Hringur 1** | **Hringur 2** | **Hringur 3** | **Hringur 4** | **Alls** |
|---|---|---|---|---|---|
| Egill Ragnar Gunnarsson | 72 | 73 | 71 | 72 | 288 |
| Ragnar Már Garðarsson | 72 | 70 | 74 | 75 | 291 |
| Alfreð Brynjar Kristinsson | 76 | 69 | 77 | 72 | 294 |
| **1. flokkur karla** | **Hringur 1** | **Hringur 2** | **Hringur 3** | **Hringur 4** | **Alls** |
| Arnór Gunnarsson | 87 | 79 | 76 | 74 | 316 |
| Rúnar Jónsson | 79 | 82 | 78 | 78 | 317 |
| Helgi Svanberg Ingason | 81 | 78 | 83 | 79 | 321 |
| **2. flokkur karla** | **Hringur 1** | **Hringur 2** | **Hringur 3** | **Hringur 4** | **Alls** |
| Gestur Þórisson | 85 | 81 | 82 | 75 | 323 |
| Óli Halldór Sigurjónsson | 83 | 83 | 88 | 80 | 334 |
| Guðmundur Jóhannsson | 84 | 83 | 86 | 82 | 335 |
| **3. flokkur karla** | **Hringur 1** | **Hringur 2** | **Hringur 3** | **Hringur 4** | **Alls** |
| Örn Jónsson | 84 | 92 | 91 | 96 | 363 |
| Stefán Ingi Guðmundsson | 91 | 92 | 96 | 86 | 365 |
| Ragnar Þórður Jónasson | 86 | 98 | 90 | 92 | 366 |
| **4. flokkur karla** | **Hringur 1** | **Hringur 2** | **Hringur 3** | **Hringur 4** | **Alls** |
| Emil Austmann Kristinsson | 88 | 99 | 99 | | 286 |
| Ásgeir Ingvarsson | 97 | 99 | 93 | | 289 |
| Snæbjörn Sigurðsson | 103 | 100 | 93 | | 296 |
| **5. flokkur karla** | **Hringur 1** | **Hringur 2** | **Hringur 3** | **Hringur 4** | **Alls** |
| Árni Þór Arnórsson | 97 | 106 | 110 | | 313 |
| Finnbogi Albertsson | 105 | 103 | 118 | | 326 |
| Magnús Þórarinn Öfjörð | 111 | 110 | 112 | | 333 |
| **Meistaraflokkur kvenna** | **Hringur 1** | **Hringur 2** | **Hringur 3** | **Hringur 4** | **Alls** |
| Ingunn Gunnarsdóttir | 80 | 83 | 78 | 78 | 319 |
| Ingunn Einarsdóttir | 83 | 73 | 82 | 84 | 322 |
| Eva María Gestsdóttir | 86 | 80 | 81 | 79 | 326 |
| **1. flokkur kvenna** | **Hringur 1** | **Hringur 2** | **Hringur 3** | **Hringur 4** | **Alls** |
| Katla Kristjánsdóttir | 84 | 84 | 88 | 85 | 341 |
| Irena Ásdís Óskarsdóttir | 84 | 86 | 94 | 92 | 356 |
| Jóhanna Ríkey Sigurðardóttir | 94 | 89 | 87 | 89 | 359 |
| **2. flokkur kvenna** | **Hringur 1** | **Hringur 2** | **Hringur 3** | **Hringur 4** | **Alls** |
| Hanna Bára Guðjónsdóttir | 97 | 95 | 94 | 93 | 379 |
| Ásgerður Þórey Gísladóttir | 94 | 100 | 93 | 96 | 383 |
| Áslaug Sigurðardóttir | 89 | 111 | 97 | 95 | 392 |
| **3. flokkur kvenna** | **Hringur 1** | **Hringur 2** | **Hringur 3** | **Hringur 4** | **Alls** |
| Jóhanna Hjartardóttir | 108 | 96 | 100 | | 304 |
| Jóhanna Ásgerður Einarsdóttir | 103 | 101 | 112 | | 316 |
| Kristín María Kjartansdóttir | 111 | 109 | 105 | | 325 |
| **4. flokkur kvenna** | **Hringur 1** | **Hringur 2** | **Hringur 3** | **Hringur 4** | **Alls** |
| Hildur Kristjana Arnardóttir | 116 | 113 | 116 | | 345 |
| Fjóla Rós Magnúsdóttir | 114 | 112 | 122 | | 348 |
| Guðrún Jóhanna Benediktsdóttir | 108 | 135 | 113 | | 356 |
| **12 ára og yngri strákar** | **Hringur 1** | **Hringur 2** | **Hringur 3** | **Hringur 4** | **Alls** |
| Magnús Skúli Magnússon | 40 | 40 | 39 | | 119 |
| Gunnlaugur Árni Sveinsson | 41 | 42 | 41 | | 124 |
| Styrmir Snær Kristjánsson | 47 | 47 | 49 | | 143 |
| **12 ára og yngri stelpur** | **Hringur 1** | **Hringur 2** | **Hringur 3** | **Hringur 4** | **Alls** |
| Karen Lind Stefánsdóttir | 61 | 65 | 51 | | 177 |
| Gunnhildur Hekla Gunnarsdóttir | 65 | 62 | 61 | | 188 |
| Halla Stella Sveinbjörnsdóttir | 61 | 71 | 73 | | 205 |
| **Drengir 13–14 ára** | **Hringur 1** | **Hringur 2** | **Hringur 3** | **Hringur 4** | **Alls** |
| Breki Gunnarsson Arndal | 68 | 68 | 63 | | 199 |
| Sveinn Andri Sigurpálsson | 70 | 72 | 68 | | 210 |
| Jóhannes Sturluson | 70 | 72 | 72 | | 214 |
| **Telpur 13–14 ára** | **Hringur 1** | **Hringur 2** | **Hringur 3** | **Hringur 4** | **Alls** |
| Eva María Gestsdóttir | 77 | 78 | 77 | | 232 |
| Bjarney Ósk Harðardóttir | 86 | 88 | 88 | | 262 |
| Katrín Hörn Daníelsdóttir | 101 | 112 | 107 | | 320 |
| **Piltar 15–16 ára** | **Hringur 1** | **Hringur 2** | **Hringur 3** | **Hringur 4** | **Alls** |
| Sigurður Arnar Garðarsson | 73 | 67 | 70 | | 210 |
| Jón Gunnarsson | 73 | 76 | 71 | | 220 |
| Kristján Jökull Marinósson | 73 | 80 | 78 | | 231 |
| **Telpur 15–16 ára** | **Hringur 1** | **Hringur 2** | **Hringur 3** | **Hringur 4** | **Alls** |
| Hulda Clara Gestsdóttir | 73 | 80 | 76 | | 229 |
| Alma Rún Ragnarsdóttir | 87 | 83 | 79 | | 249 |
| María Björk Pálsdóttir | 79 | 87 | 85 | | 251 |
| **Öldungar karla 0–20,9** | **Hringur 1** | **Hringur 2** | **Hringur 3** | **Hringur 4** | **Alls** |
| Hlöðver Sigurgeir Guðnason | 84 | 81 | 75 | | 240 |
| Þorsteinn Reynir Þórsson | 78 | 84 | 86 | | 248 |
| Kolbeinn Kristinsson | 81 | 88 | 82 | | 251 |
| **Öldungar karla 21–36** | **Hringur 1** | **Hringur 2** | **Hringur 3** | **Hringur 4** | **Alls** |
| Gunnar Heimir Ragnarsson | 101 | 99 | 99 | | 299 |
| Valur Steinar Þórarinsson | 101 | 103 | 98 | | 302 |
| Bergvin Magnús Þórðarson | 105 | 97 | 104 | | 306 |
| **Öldungar kvenna 50 ára +** | **Hringur 1** | **Hringur 2** | **Hringur 3** | **Hringur 4** | **Alls** |
| Ragnheiður Sigurðardóttir | 81 | 82 | 94 | | 257 |
| Elísabet Böðvarsdóttir | 99 | 91 | 97 | | 287 |
| Alda Harðardóttir | 99 | 91 | 103 | | 293 |
| **Öldungar karla 65 ára +** | **Hringur 1** | **Hringur 2** | **Hringur 3** | **Hringur 4** | **Alls** |
| Hjörvar O. Jensson | 83 | 82 | 91 | | 256 |
| Einar Breiðfjörð Tómasson | 87 | 87 | 85 | | 259 |
| Kjartan Guðjónsson | 81 | 86 | 92 | | 259 |
| **Öldungar kvenna 65 ára +** | **Hringur 1** | **Hringur 2** | **Hringur 3** | **Hringur 4** | **Alls** |
| Ragna Stefanía Pétursdóttir | 101 | 99 | 105 | | 305 |
| Ágústa Guðmundsdóttir | 112 | 108 | 108 | | 328 |
| Soffía Ákadóttir | 108 | 111 | 111 | | 330 |

Nesti










Nesti hluti af N1





## Flatirnar okkar í fremstu röð

Í haust var gerð könnun meðal félagsmanna varðandi flatirnar á völlunum okkar og leitast var eftir því að finna út hvernig hvernig draumaflöt félagsmanna er. Niðurstöðurnar voru mismundi og fóru nokkuð eftir getu kylfinga. Þeir sem eru með lága forgjöf leggja mest upp úr því að boltinn haldi línu en þeir sem eru með hærri forgjöf leggja mest upp úr því að flatirnar haldi boltanum þegar slegið er inn á þær. Hraði flatanna er í þriðja sæti hjá báðum hópunum. Í framhaldi af þessum niðurstöðum var farið í stefnumótunarvinnu sem miðar að því að koma flötunum okkar í fremstu röð. Úr varð skýrsla og aðgerðaráætlun sem unnið verður eftir á næstu árum. Skýrsluna er hægt að finna á heimasíðu GKG.

Einn af lykilþáttunum verkefnisins felst í því að GKG fjárfesti í úðabíl af fullkomnustu gerð. Með honum er hægt að stjórna áburðargjöf með allt öðrum hætti en hingað til. Notast verður við fljótandi áburð ásamt vatnsmiðlunar- og vaxtastjórnunarefnum. Áburðargjafir verða tíðari en minna magn notað í hvert skipti Að öðru leiti er aðgerðaráætlun GKG með eftirfarandi hætti:

- Nýr úðabíll er tölvustýrður og afar fullkominn. Með honum er hægt að stjórna áburðargjöf á flötunum með allt öðrum og skilvirkari hætti en hægt hefur verið hingað til. Notast verður við fljótandi áburð, áburðargjafirnar verða tíðari og minna magn áburðar notað í hvert skipti (Sjá mynd að neðan).




- Í seinni hluta júlí verða flatirnar tappagataðar, þær verða örgataðar (fíngötun) mánaðarlega en kylfingar verða látið varir við það nema rétt á meðan hún á sér stað. Flatirnar eru vel spilhæfar á eftir. Sáð verður í þær samkvæmt viðhaldsdagatali (yfirsáningar og raðsáningar).

- Notast verður við vaxtarstjórnunarefni. Forsendan fyrir notkun á því efni er úðabíllinn sem keyptur verður. Vaxtarstjórnunarefnið hægir á vexti grass og minnkar líkur á því að það verði mishæðótt þegar liðið er frá slætti. Þá verður notast við vatnsmiðlunarefni til að jafna og viðhalda raka í flötunum.

- Áburðardagatal verður gert í framhaldi af niðurstöðum sýnatöku, þó verður tekið mið af veðurfari við áburðargjöf.

- Burstar verða settir framan á flatasláttuvélarnar sem ýfa upp grasvörðinn og tryggir að gras sem vex til hliðar sláist jafnt á við gras sem vex beint upp.
- Sláttudögum verður fækkað en flatirnar verða valtaðar í staðinn. Það þýðir minni streitu fyrir grasið og það þéttir sig meira.

- Söndun flatanna verður aukin. Kylfingar verða lítið varir við hana nema þegar unnið er að henni því slóði er dreginn yfir flötina strax eftir söndunina og við það hverfur megnið af sandinum niður í þæfislagið.

- Til að tryggja jafna mýkt flatanna verður fjárfest í rakamæli og mun öll vökvun taka mið af niðurstöðum rakamælinga.

Lykilþættir aðgerðaáætlunarinnar hafa eftirfarandi áhrif á markmið okkar:

**Boltinn heldur línu:** – Almennt er það þannig að heilbrigðari flatir halda betur línu. Liðir 1, 3, 5, 6 og 7 munu stuðla að því markmiði að boltinn haldi betur línu.

**Flatirnar taki betur við:** – Mýkri flatir taka betur við boltanum, sem og flatir sem eru með þéttari grasvöxt. Liðir 2, 3, 7 og 8 munu stuðla að meiri mýkt og þéttari grassverði og gera það að verkum að flatir GKG munu taka betur við boltanum.

**Hraði á flötum:** – Liður 6, slegið verður með tveimur sláttuvélum með tveimur sláttuhæðum. Mælingar verða örari og sláttuvélum raðað á flatir miðað við þær niðurstöður.



# Golfhermar allt árið!

## Fjöldi valla, æfingasvæði, golfgreining

**Æfðu sveifluna eða taktu hring með golffélögum þínum í Trackman golfhermum GKG.**

- **Níu Trackman golfhermar**
- **Hægt að leika marga af þekktustu velli heims**
- **Æfa markvisst innandyra í notalegu umhverfi**
- **Fá upplýsingar um feril sveiflunnar, boltaflugið, högglengd með hverri kylfu og svo margt fleira.**
- **Notandi hefur sitt einkasvæði á mytrackman.com, þar sem hægt er að skoða allar upplýsingar eftir hverja æfingu.**

**Flestir atvinnukylfingar á PGA og LPGA mótaröðunum nota Trackman við sínar æfingar.**

### VERÐSKRÁ

**Helgar:**
**kr. 2.700 hálftíminn.**
**Virkir dagar:**
**fyrir kl. 15 kr. 2.000**
**eftir kl. 15 kr. 2.700**
**Félagsmenn GKG fá 25% afslátt af ofangreindu.**

## Opnunartími:
## Um helgar kl. 8-22
## Virka daga kl. 9-22

## Bókanir og upplýsingar á www.gkg.is eða í síma 565 7373

GKG



## Ný nálgun með nýjum golfhermum

Nú í desember munum við setja upp fimm nýja golfherma hjá GKG. Hugmyndafræðin á bak við þessa herma er önnur en með hermunum fjórum sem við erum þegar búin að setja upp. Hermarnir verða settir upp í íþróttamiðstöðinni þar sem netin eru núna. Slegið verður af mottum í tjald sem nær yfir allan vegginn, það verða því ekki básar. Hægt verður að leigja herminn í 15 mínútna lotum og kosta 15 mínúturnar kr. 800,- fyrir félagsmenn. Hugmyndafræðin er sú að upplifunin verði svipuð og að fara á æfingasvæði (driving range) utanhúss (sjá mynd).

Hermarnir eru með nákvæmlega sömu möguleikum og hermarnir sem við erum með fyrir þannig að það verður jafnframt hægt að spila 18 holurnar. Munurinn er þó sá að ekki er æskilegt að það séu fleiri en tveir með einn hermi.

Þetta verður kærkomin búbót fyrir okkur því hermarnir voru nánast fullbókaðir allan síðasta vetur. Það hefur jafnframt færst í vöxt að einn til tveir aðilar vilji leigja sér hermi saman, bæði til að að slá á æfingasvæði sem og spila golf. Ástæðan er sú að það tekur ekki nema einn og hálfan tíma að spila 18 holur ef tveir eru saman með hermi og þeir passa upp á leikhraðann. Hér er tafla sem sýnir leiktíma þeirra sem eru orðnir vanir og halda uppi góðum leikhraða í golfhermum GKG.

| Fjöldi kylfinga | Æfingasvæði Ein fata | 9 holur | 18 holur |
|---|---|---|---|
| 1 | 15 mín | 25 mín | 50 mín |
| 2 | 30 mín | 45 mín | 1:30 mín |
| 3 | | 1:10 mín | 2:15 mín |
| 4 | | 1:30 mín | 3 klst. |

## Nýir rauðir teigar gera Leirdalinn auðveldari

Leirdalsvöllurinn hefur ekki verið einfaldasti völlurinn á landinu af rauðum teigum en nú gerum við breytingar á því. Ný teigasett verða búin til í vetur, tvö á 7. braut (blár og rauður teigur) og eitt á 16. braut.

Á efri myndinni má sjá staðsetningu bláa og rauða teigsins á 7. braut. Báðir teigarnir verða hinum megin við vatnsfarveginn og sá rauði hægra megin við byrjun brautar. Það eru eingöngu 16 metrar frá teignum inn á braut og styttist holan um 58 metra og verður tæpir 400 metrar í stað 456 metra.
Á 16. braut verður mótað stæði fyrir nýjan rauðan teig neðst í brekkunni. Brautin styttist með þeim hætti um 30 metra á rauðum teig og verður rúmlega 400 metrar í stað 426 metra. Til að kylfingar átti sig betur á breytingunum, þá verða 160 metrar að brúnni í stað 190 metra. Þeir sem eru upp við brúna þurfa að slá bolta á flugi um 100 metra til að komast yfir jörfann. Þessi breyting mun því gera það að verkum að mun fleiri kylfingar eiga möguleika á að komast inn á flöt á þremur höggum.

Framangreindar breytingar eru teiknaðar af Snorra Vilhjálmssyni og eru hluti af þeirri framtíðarsýn sem við erum að vinna að samkvæmt skýrslunni „Framtíðarskipulag – Leirdalur, nóvember 2015“.






## LEIKNIR HRINGIR Á LEIRDALSVELLI
## 2013 - 2014 - 2015 - 2016




| | Maí | Júní | Júlí | Ágúst | September | Október | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2014 | 4.099 | 5.502 | 6.077 | 5.220 | 1.875 | 1.413 | 24.170 |
| 2015 | 2.452 | 5.382 | 6.361 | 7.089 | 4.159 | 1.406 | 26.849 |
| 2016 | 4.893 | 5.092 | 6.194 | 5.771 | 3.872 | 1.716 | 27.543 |
| 2017 | 3.317 | 5.538 | 6.701 | 5.885 | 3.217 | 3.363 | 28.057 |

## LEIKNIR HRINGIR Á MÝRINNI
## 2014 - 2015 - 2016 - 2017




| | Maí | Júní | Júlí | Ágúst | September | Október | Samtals |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2014 | 4.228 | 5.615 | 6.134 | 5.267 | 2.253 | 1.082 | 24.603 |
| 2015 | 2.720 | 5.549 | 6.483 | 7.865 | 5.489 | 1.220 | 29.326 |
| 2016 | 5.518 | 5.675 | 6.873 | 5.864 | 4.175 | 1.543 | 29.695 |
| 2017 | 4.140 | 5.694 | 6.960 | 6.430 | 3.810 | 2.992 | 30.076 |



## Skýrsla fyrir árið 2017

Öldungar 65+ var á árinu skipuð sömu mönnum og árið áður og var formaður Hjörvar O. Jensson, en auk hans skipuðu nefndina: Atli Ágústsson, Ingólfur Hansen, Randver Ármannsson og Örn Ásmundsson. Hópurinn hittist á nokkrum formlegum fundum en auk þess réðu menn ráðum sínum við leik og störf innan klúbbsins.
Eftir áramótin 16/17 og fram á vorið gekkst nefndin fyrir nokkrum mótum víða um heim með aðstoð hinna frábæru golfherma klúbbsins og var uppselt í þau öll nema eitt og góður rómur að gerður.
Sumarmótaskrá Öldunga 65+ var tilbúin og samþykkt af framkvæmdastjóra í apríl og hófst með æfingamóti í Mýrinni 17. maí en síðan voru á mótaröð flokksins sex mót:
6. júní í Leirdal, 41 þátttakandi,
28. júní heimsókn til Golfklúbbs Sandgerðis, 18 þátttakendur,
12. júlí í Mýrinni, 25 þátttakendur,
10. ágúst í Leirdal, 28 þátttakendur,
30. ágúst heimsókn til Golfklúbbs Selfoss, 27 þátttakendur og
13. september var lokamótið í Mýrinni, 46 þátttakendur, og lokahóf með verðlaunaafhendingu á Mulligan.
Úrslit allra mótanna liggja fyrir á www.golf.is.
Stefna flokksins er að hafa ódýrt í mótin og var mótsgjaldið kr. 1.000 og þegar allur kostnaður hafði verið greiddur og klukka sem flokkurinn gaf klúbbnum greidd, skilaði flokkurinn hagnaði upp á kr. 143.815.- til framkvæmdastjóra. Þess skal getið hér og þakkað sérstaklega að Örn Ásmundsson félagi okkar og nefndarmaður smíðaði og gaf alla verðlaunagripina sem keppt var um. En að öðrum kosti þyrfti að kaupa alla þá gripi og hækka verðið í mótin.
Öll mót sumarsins voru vel sótt og voru keppendur flestir 46 í lokamótinu, alls tóku á sjötta tuginn þátt í mótum sumarsins og þakkar nefndin öllum kærlega fyrir þátttökuna. Nefndinni þykir hægt ganga að fjölga konum í mótunum og vill sérstaklega hvetja konur til þátttöku á næsta ári – „áfram konur“.
Flokkurinn aflaði sér nokkurs fjölda aukaverðlauna sem dregin voru úr skorkortum í lokahófinu og er öllum þeim sem þau gáfu þakkað kærlega fyrir stuðninginn sem er mikilvægur.
Öldunganefnd 65+ þakkar framkvæmdastjóra okkar, Agnari Má Jónssyni, frábært samstarf og stuðning, jafnframt þakkar nefndin starfsmönnum klúbbsins og Mulligan kærlega fyrir gott samstarf og góða þjónustu.
Að lokum þakkar formaður samnefndarmönnum gott samstarf og stuðning.

Hjörvar O. Jensson





Eftir óvenju mildan og ljúfan vetur komu vellirnir í heild sinni ágætlega undan vetri og fóru vel af stað inn í vorið. Vellirnir opnuðu 6. maí og lokuðu aftur þann 3. nóvember sem gerir golfvertíð upp á 182 daga sem er fimm dögum styttra en árið áður. Þetta er í fyrsta skipti sem allar 27 holurnar eru opnar allan tímann, það er aðallega út af því að haustið var milt og ekki mikið um rigningar líkt og undanfarin ár. Það var gaman að sjá hversu margir kylfingar nýttu sér blíðuna fram á síðasta dag. Einnig gaman að sjá hversu vel kylfingar taka því þegar við skiptum völlunum upp í þrjá velli á haustin.

Þegar leið á vorið fórum við að gera okkur grein fyrir því að eftir þennan milda vetur hafði grastegund sem í daglegu tali er kölluð poa lifað veturinn af og var komin af nokkrum krafti inn í flatir vallarins. Þetta var rakið í pistil sem ég sendi frá mér í sumar. Við fórum strax í mikla vinnu til að bregðast við aðstæðum. Það sem meðal annars var gert var að sópa upp flatirnar til að ná að slá burtu fræhausana á pounni, það var líka lóðskorið í flatir, sandað og farið í yfirsáningar. Þetta skilaði ágætum árangri hjá okkur.

Þegar hausta tók fórum við í þá vinnu að greina vandann og skipuleggja þá vinnu sem framundan er. Unnin var skýrsla upp úr þeirri vinnu og munum við leggja allan okkar metnað í að vinna flatir vallarins til baka og koma þeim í hóp þeirra bestu.

Vinnudagur var haldinn 4. maí og var frábær mæting en á milli 70 til 80 manns mættu og unnu ýmis verk, helstu verkefni voru að hreinsa rusl og tyrfa. Vallarstjóri vill þakka þessum frábæra hóp fyrir að leggja hönd á plóg og hjálpa til við að standsetja völlinn fyrir opnun.

## Vélakostur

Á árinu var keypt ný flatarsláttuvél en við vorum bara með eina fyrir sem er alls ekki nóg fyrir 27 holu völl. Nú á haustmánuðum var keyptur sópur sem safnar í sig og verður góður til að hreinsa af stígum og til að hreinsa grasslægju úr karga. Til að bæta vinnuaðstöðu á verkstæðinu okkar var keypt inn bílalyfta fyrir vélarnar okkar og fyrir vikið þarf verkstæðisformaðurinn ekki að liggja á gólfinu til að gera við þær.

Vélaflotinn okkar er að stórum hluta kominn á tíma og reyndi mikið á það í sumar þar sem hver vél á fætur annarri bilaði. Má þar nefna sem dæmi að fram eftir sumri slógum við lágkarga (semi-rough) sem er einn hringur kringum brautirnar. Um mitt sumar þurftum við að hætta því þar sem vélin gaf upp öndina og vildi ekki meir. Þá vorum við líka að lenda í allnokkrum glussaslysum sem má sjá merki um á ýmsum stöðum á vellinum.

Nú er komið vilyrði frá stjórn og framkvæmdastjóra um 25 milljónir til vélakaupa fyrir næsta sumar. Þetta mun gera það af verkum að við getum keypt okkur úðabíl til að úða áburði og öðrum efnum og getum því farið að bera líka almennilega á brautir vallana. En það er ekki bara úðabíll sem við erum að skoða heldur líka aðrar sláttuvélar.

Vonandi verður svipaður peningur settur til endurnýjunar á vélum næstu árin þannig að við náum í skottið á okkur í endurnýjun véla og tækja

## Framkvæmdir

Töluvert var framkvæmt á árinu 2017 og hér er listi yfir þær sem við flokkum sem stærri framkvæmdir:

- Glompum á brautum 1, 3, 7, 9 og 13 lokað og tyrfðar
- Settar voru niður plastmottur sem svo var sáð í við stígenda á fjórtán stöðum
- Settar niður aspir hægra megin við 14. braut
- Alvöru rör var lagt í gegnum 16. brautina
- Frágangur við skála og þar sem bráðabirgðaskáli stóð
- Umhverfi púttflatar
- Sáð í mön við bílastæði

# Vertu framúr-skarandi

Það er óhætt að segja að Ólafía Þórunn sé framúrskarandi kylfingur. Við hjá KPMG erum mjög stolt af samstarfi okkar og óskum henni innilega til hamingju með að tryggja sér áframhaldandi keppnisrétt á LPGA mótaröðinni 2018.

Við hlökkum til að takast á við fleiri spennandi verkefni með Ólafíu Þórunni en góðgerðarmótið til styrktar Barnaspítala Hringsins í ágúst síðastliðnum var einstaklega ánægjulegur viðburður.

**kpmg.is**

KPMG

2010 - 2016
Framúrskarandi fyrirtæki




- Fyrsti áfangi í dreni við 6. flöt í Leirdal
- Endurgerð á glompu við 7. flöt í Leirdal
- Sett niður 3 niðurföll og lagnir á æfingasvæði
- Grisjun hægra megin við 1. braut Leirdal
- Grisjun trjáa um víðan völl

Eins og má sjá á þessum lista var margt gert á vellinum í ár og tókust þessar framkvæmdir vel.

Vallarnefnd hefur ákveðið að gera þrjá nýja teiga í vetur, það eru rauður og blár á 7. holu og nýr rauður á 16. braut. Einnig eru fleiri atriði á lista nefndarinnar sem verða skoðuð út frá því hvernig gengur og spilar veðurfar í vetur þar stóra rullu.

## Starfsmannahald

Fjórir heilsárssstarfsmenn eru á vallarsviði GKG: Guðmundur Árni Gunnarsson vallarstjóri, Kristinn Bjarni Heimisson aðstoðarvallarstjóri, Guðni Þorsteinn Guðjónsson aðstoðarvallarstjóri og Hafsteinn Eyvindsson verkstæðisformaður. Mikið álag hefur verið á þessum starfsmönnum í sumar hvort sem það var úti á velli eða inni á verkstæði. Þegar mest var í sumar voru 20 starfsmenn á vellinum sem er einum fleiri en árið áður. Vallarstjóri vill þakka þessum góða hópi starfsmanna fyrir frábær störf á árinu.

## Lokaorð

Þegar maður lítur til baka þetta starfsárið er engin spurning að þetta er án efa erfiðasta árið mitt hjá GKG. Aðalskýringin á því er að flatir vallarins voru ekki upp á sitt besta og voru margar andvökunætur tengdar því. Þann 20. júní sendi ég frá mér skýringar á aðstæðum sem vonandi hafa svarað einhverjum spurningum hjá meðlimum okkar, við reyndum allt hvað við gátum til að bregðast við ástandinu eins og kemur fram hér að framan.

Nú erum við að setja upp áætlun fyrir næsta sumar sem mun koma flötunum okkar í fremsta flokk. Einn liður í því er að ég set upp viðhaldsplan fyrir vellina og síðan er mótum raðað upp í kringum það, áður hef ég þurft að raða okkar vinnu eftir því hvenær mót eru og stundum höfum við þurft að sleppa aðgerðum vegna þess að það er búið að þétta dagskrána um of. Viðhaldsplanið er að mestu sett þannig upp að það á ekki að hafa mikil áhrif á golfleik nema þá kannski þann dag sem verið er að vinna verkið.

Ég lagði upp með að þegar flatirnar voru ekki að skila sér eins og við vildum hafa þær að hafa völlinn snyrtilegan og allt klippt og skorið sem tókst ljómandi að því mér finnst. Það er eitt atriði sem vert er að minnast á sem eru glompur vallarins. Við erum með 83 glompur, já 83 glompur, held að fáir í GKG geri sér grein fyrir því hversu margar þær eru. Glompur eru líklega það sem er mannfrekast í rekstri vallarins og kosta líklega mest í rekstri ef reiknað er út á fermetra, sandurinn er mjög dýr og það eru tveir menn á tveimur tækjum sem fara yfir glompurnar á hverjum virkum degi og þegar það eru mót um helgar. Margar af okkar glompum eru komnar á tíma í viðhaldi og munum við setja okkur markmið að ná að laga þær á næstu árum.

Að lokum vill ég þakka framkvæmdastjóra, vallarnefnd og stjórn GKG fyrir samstarfið á árinu.

Guðmundur Árni Gunnarsson
vallarstjóri GKG

GrasTec

Golfvellir og knattspyrnuvellir um allt land nota vörur frá GrasTec ehf.
til uppbyggingar grassvæða og viðhalds þeirra
Hjá GrasTec færðu vörur frá framleiðendum í fremstu röð á sínu
sviði þar sem áratuga vöruþróun skilar sér í vörugæðum

Aquatrols
BARENBRUG
everris.

Sími 895 6226 – grastec@simnet.is



Listahátíð í Reykjavík 2012
Reykjavík Arts Festival
HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS
MUSEUM OF DESIGN AND APPLIED ART
Safnið er opið alla daga
nema mánudaga, frá 12-17.
Sími 512 1525
Garðatorgi 1 210 Garðabær
www.honnunarsafn.is




LEMGA milliveggjasteinar
Framleiddir úr hita- og þrýstihertri steypu
Uppfylla íslenskar reglugerðir
Basískir og innihalda ekki lífræn efni
Myglusveppir þrífast ekki í þeim
Tæknilegir eiginleikar
Brunaþol A1 skv. EN 13501
Hljóðeinangrun skv. EN 12354
Rúmþyngd 0,5 kN/m3
Þrýstistyrkur >5 MPa
Varmaleiðni 0,13 [W/(m*K)
Eiginþyngd 6,0 kN/m2
Leyfileg þrýstispenna 1,0 MN/m2
Gufumótstaða 5/10
Brunaþolsflokkur A1
Hurðastykki
Lengd: 499 mm
Hæð: 499 mm
Breidd: 115 mm
Lengd: 1250 mm
Hæð: 125 mm
Breidd: 115 mm
Lengd: 499 mm
Hæð: 499 mm
Breidd: 50 mm
Staðall
IST EN 771-4:20011+A1:2015
Leyfileg frávik
Lengd og breidd ± 1,5mm
Hæð ± 1,5mm
Múrefni
LEMGA múrefni skv. EN 998-2
STEYPUSTÖÐIN
Malarhöfða 10 | 110 Reykjavík | Sími 4 400 400 | www.steypustodin.is



## Vallarnefnd GKG 2017

Helsta hlutverk vallarnefndar GKG er að fjalla um viðhald og nýframkvæmdir á umráðasvæði klúbbsins og veita vallarstjóra stuðning og aðhald gagnvart uppbyggingu á völlum GKG. Leitast er við að samsetning nefndarinnar endurspegli flóru félagsmanna og þannig sé tekið tillit til sem flestra þátta þegar kemur að skipulagi framkvæmda við velli GKG.

### Nefndina skipa:

Bjarmi Guðlaugsson
Björgvin Smári Kristjánsson
Einar Þorsteinsson
Jóhanna Ríkey Sigurðardóttir
Ingunn Einarsdóttir
Sigurfinnur Sigurjónsson

Vallarnefnd heldur reglulega fundi mánaðarlega með vallarstjóra GKG og fundar þess utan aukalega þegar vinna þarf úr tilteknum verkefnum eða veita álit vegna sérstakra framkvæmda.

Í byrjum árs 2017 hélt vallarnefnd áfram vinnu sinni við að greina skýrslur Snorra Vilhjálmssonar, sem kynntar voru félagsmönnum árið 2016, og fjalla um framtíðarskipulag og uppbyggingu á bæði Mýrinni og Leirdalsvelli. Árið 2017 var ákveðið að ráðast ekki í stórframkvæmdir á völlum GKG og því lagði vallarnefndin áherslu á minni breytingar á völlunum, m.a. með það að markmiði að flýta leik og minnka viðhaldsvinnu vallarstarfsmanna, t.a.m. með því að loka allnokkrum glompum.

Þeim breytingum sem Snorri Vilhjálmsson leggur til í sínum skýrslum hefur vallarnefnd forgangsraðað í langtímaáætlun sem endurskoðuð er árlega að teknu tilliti til þess fjármagns sem er til umráða hverju sinni. Nú þegar rekstur nýrrar íþróttamiðstöðvar er kominn á gott skrið munu félagsmenn aftur fara að finna fyrir aukinni áherslu á viðhald valla GKG en t.a.m. hefur verið fjárfest ríkulega í nýjum tækjakosti sem mun skila sér alhliða í bættri umhirðu við velli GKG strax á næsta sumri.

Vallarnefnd þakkar félagsmönnum fyrir ánægjulegt golfsumar og hlakkar til að takast á við áframhaldandi uppbyggingu á umráðasvæði GKG á komandi sumri.

Bjarmi Guðlaugsson,
formaður vallarnefndar GKG



# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Tilgangur GKG og markmið eru skv. lögum hans að glæða og viðhalda áhuga á golfíþróttinni.

Á rekstrarárinu voru gjöld umfram tekjur 0,5 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Eigið fé í lok rekstrarársins nam 322,7 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til skýringa í ársreikningnum varðandi breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórn Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar staðfestir hér með ársreikning klúbbsins fyrir rekstrarárið 1. nóvember 2016 til 31. október 2017.

Garðabæ, 25. nóvember 2017

Stjórn:

Framkvæmdastjóri

# Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar.

## Áritun um endurskoðun ársreikningsins

### Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Golfklúbbs Kópavogs og Garðabæjar reikningsárið 1. nóvember 2016 til 31. október 2017. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu golfklúbbsins 31. október 2017 og afkomu hans og breytingu á handbæru fé á því reikningsári sem þá lauk, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð klúbbnum í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

### Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi klúbbsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa klúbbinn upp eða hætta starfsemi hans, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

### Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst mikil vissa en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.

- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits klúbbsins.

- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

# Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi klúbbsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert klúbbinn órekstrarhæfan.

- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

## Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 27. nóvember 2017

*KPMG ehf.*


Veldu félaga
sem kann á aðstæður
**Arion eignastýring** býður fjölbreytt úrval sjóða fyrir ólík fjárfestingarmarkmið.
**Við mætum þínum þörfum** með traustri ráðgjöf og djúpri þekkingu á möguleikum markaðarins.
**Saman stefnum við að árangri**
Arion banki
– fyrir framtíðina
**Fjárfestingum í fjármálagerningum fylgir ávallt fjárhagsleg áhætta**, svo sem hætta á að ekki verði um neina ávöxtun að ræða eða að höfuðstóll tapist. Árangur í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um árangur í framtíð. Í útboðslýsingu og lykilupplýsingum hvers sjóðs er að finna nánari upplýsingar um sjóðinn, m.a. um áhættu og hvort umræddur sjóður telst verðbréfasjóður eða fjárfestingarsjóður. Auglýsingin er aðeins í upplýsingaskyni og skal ekki litið á hana sem ráðgjöf um að ráðast í eða ráðast ekki í tiltekna fjárfestingu eða tilboð um að kaupa, selja eða skrá sig fyrir tilteknum fjármálagerningum.

# Rekstraryfirlit
# 1. nóvember 2016 til 31. október 2017

| | Skýr. | 1.11.-31.10. 2017 | 1.11.-31.10. 2016 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur** | | | |
| Félagsgjöld | 2 | 146.277.769 | 138.658.464 |
| Vallargjöld | | 11.375.149 | 8.764.745 |
| Útleiga fundar- og veitingaaðstöðu | | 3.224.800 | 517.500 |
| Bolta- og kerruleiga | | 6.617.532 | 5.540.013 |
| Tekjur af golfhermum | | 15.285.538 | 1.051.394 |
| Tekjur af golfmótum | | 15.613.346 | 16.817.615 |
| Rekstrarframlög og fyrirtækjasamningar | | 31.258.423 | 33.155.251 |
| Sértekjur íþróttasviðs | | 23.854.305 | 14.172.020 |
| Vörusala | | 14.233.244 | 10.295.501 |
| Aðrar rekstrartekjur | 13 | 5.632.010 | 6.975.180 |
| | | 273.372.116 | 235.947.683 |
| **Rekstrargjöld** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 14 | 149.429.915 | 133.170.416 |
| Íþróttamiðstöð og áhaldahús | 15 | 17.563.438 | 6.126.428 |
| Golfvöllur og æfingasvæði | 16 | 20.079.693 | 18.705.536 |
| Unglingastarf og almenn kennsla | 17 | 598.714 | 504.471 |
| Keppnisgolf og mótahald | 18 | 14.181.128 | 11.058.107 |
| Gjöld til GSÍ | | 7.926.000 | 7.873.800 |
| Kostnaðarverð seldra vara | | 13.532.612 | 7.526.335 |
| Annar rekstrarkostnaður | 19 | 14.933.916 | 14.978.264 |
| Lóðarleiga | | 5.174.904 | 4.930.450 |
| Afskriftir | 3,7 | 20.787.770 | 17.664.574 |
| | | 264.208.090 | 222.538.381 |
| **Rekstrartekjur umfram rekstrargjöld** | | 9.164.026 | 13.409.302 |
| **Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)** | | | |
| Vaxtatekjur og verðbætur | | 2.013.482 | 5.997.691 |
| Vaxtagjöld og verðbætur | | ( 11.711.713) | ( 14.448.988) |
| | | ( 9.698.231) | ( 8.451.297) |
| **(Gjöld umfram tekjur)/tekjur umfram gjöld** | 9 | ( 534.205) | 4.958.005 |

# Efnahagsreikningur 31. október 2017

| | Skýr. | 31.10.2017 | 31.10.2016 |
|---|---|---|---|
| **Eignir** | | | |
| **Fastafjármunir** | | | |
| **Varanlegir rekstrarfjármunir:** | | | |
| Golfvöllur | | 224.063.159 | 224.063.159 |
| Íþróttamiðstöð og áhaldahús | | 146.051.551 | 147.001.223 |
| Bifreiðastæði og umhverfi | | 50.330.607 | 48.023.260 |
| Vélar, tæki og áhöld | | 56.821.937 | 47.349.015 |
| Varanlegir rekstrarfjármunir samtals | 3,7,8 | 477.267.254 | 466.436.657 |
| **Langtímakröfur:** | | | |
| Kröfur á sveitarfélög í samræmi við samkomulag | 8 | 91.627.167 | 176.000.000 |
| Langtímakröfur samtals | | 91.627.167 | 176.000.000 |
| Fastafjármunir samtals | 3,7,8 | 568.894.421 | 642.436.657 |
| **Veltufjármunir** | | | |
| Vörubirgðir | 4 | 3.758.263 | 4.399.120 |
| Næsta árs afborgun langtímakrafna | 8 | 91.627.167 | 88.000.000 |
| Viðskiptakröfur | 5 | 6.980.406 | 7.344.002 |
| Aðrar skammtímakröfur | | 464.310 | 0 |
| Handbært fé | | 4.011.014 | 23.583.512 |
| Veltufjármunir samtals | | 106.841.160 | 123.326.634 |
| **Eignir samtals** | | 675.735.580 | 765.763.291 |
| **Eigið fé** | | | |
| Eigið fé | | 322.705.501 | 323.239.706 |
| Eigið fé | 9 | 322.705.501 | 323.239.706 |
| **Skuldir** | | | |
| **Langtímaskuldir** | | | |
| Skuldir við lánastofnanir | 10 | 267.087.247 | 353.295.541 |
| **Skammtímaskuldir** | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 9.685.586 | 7.561.226 |
| Næsta árs afborgun langtímaskulda | 11 | 60.484.129 | 68.297.496 |
| Aðrar skammtímaskuldir | | 15.773.117 | 13.369.322 |
| | | 85.942.832 | 89.228.044 |
| Skuldir samtals | | 353.030.079 | 442.523.585 |
| **Eigið fé og skuldir samtals** | | 675.735.580 | 765.763.291 |

# Sjóðstreymisyfirlit
# 1. nóvember 2016 til 31. október 2017

| | Skýr. | 1.11.-31.10. 2017 | 1.11.-31.10. 2016 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrarhreyfingar** | | | |
| (Gjöld umfram tekjur)/tekjur umfram gjöld | 9 | ( 534.205) | 4.958.005 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Verðbætur langtímakrafna og -lána | | ( 6.258.966) | 5.928.713 |
| Afskriftir | 3,7 | 20.787.770 | 17.664.574 |
| Veltufé frá rekstri | | 13.994.599 | 28.551.292 |
| | | | |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda: | | | |
| Vörubirgðir,lækkun (hækkun) | | 640.857 | ( 3.353.944) |
| Skammtímakröfur, hækkun | | ( 100.714) | ( 4.174.869) |
| Skammtímaskuldir, hækkun | | 4.528.155 | 3.803.370 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda | | 5.068.298 | ( 3.725.443) |
| | | | |
| Handbært fé frá rekstri | | 19.062.897 | 24.825.849 |
| | | | |
| **Fjárfestingarhreyfingar** | | | |
| Eignfærður framkvæmdak. og kaupverð varanlegra rekstrarfjárm. | 7 | ( 31.618.367) | ( 328.473.942) |
| Mótframlag sveitarfélaga samkvæmt samkomulagi | | 91.609.826 | 88.000.000 |
| Fjárfestingarhreyfingar | | 59.991.459 | ( 240.473.942) |
| | | | |
| **Fjármögnunarhreyfingar** | | | |
| Tekin ný langtímalán | | 0 | 150.000.000 |
| Afborgun langtímalána | | ( 98.626.854) | ( 88.000.000) |
| Fjármögnunarhreyfingar | | ( 98.626.854) | 62.000.000 |
| | | | |
| **Breyting á handbæru fé** | | ( 19.572.498) | ( 153.648.093) |
| | | | |
| **Handbært fé í byrjun rekstrarársins** | | 23.583.512 | 177.231.605 |
| | | | |
| **Handbært fé í lok rekstrarársins** | | 4.011.014 | 23.583.512 |
| | | | |
| **Fjárfesting og fjármögnun án greiðsluáhrifa:** | | | |
| Kröfur á sveitarfélög | | 0 | ( 264.000.000) |
| Varanlegir rekstrarfjármunir, styrkur frá sveitarfélögum | | 0 | 264.000.000 |



**Einkakennsla**
hjá PGA kennara GKG
30 mín kennslutími
með Trackman
kr. **8.000** per skipti
30 mín kennslutími
án Trackman
kr. **6.500** per skipti
Einstaklingsmiðuð kennsla.

**Hópnámskeið**
hjá PGA kennara
4 x 1 klst.
hjá PGA kennara,
kr. **14.000**
Hámark 5 manns í hópi.
Fámennur hópur tryggir
persónulega nálgun.

# Gjafabréf fyrir golfara

Gjafabréf í kylfumælingu hjá Hauki Má Ólafssyni, PGA kennara. Fáðu mælingu og ráðgjöf varðandi búnað sem hentar best hverjum kylfingi.
60 mín kr. 9.750 fyrir félagsmenn GKG,
annars kr. 13.000.
Aðstaða í Trackman æfingahermi er innifalin.

Kort í Trackman
æfinga- og golfhermi
**5 x 30 mín kr. 10.000**
**10 x 30 mín kr. 20.000**

Inneignarkort sem hægt er að ráðstafa að eigin vali hjá GKG
kr. 10.000 eða hærra eftir óskum.

**PGA kennarar GKG**



Derrick Moore



Hlöðver Guðnason

**Pantanir og nánari upplýsingar eru hjá íþróttastjóra GKG, Úlfari Jónssyni, ulfar@gkg.is eða 8629204.**



# LÍFLEGUR GOLFKLÚBBUR FRÁBÆRT FÉLAGSLÍF!

Síminn

# Gerðu jólin enn betri með heimilispakkanum



Sjónvarp Símans Premium

Sjónvarpsþjónusta Símans

11 erlendar sjónvarpsstöðvar

Sjónvarp Símans Appið

Endalaus heimasími

Netið 250 GB

## Heimilispakkinn

13.500 kr./mán.

Línugjald ekki innifalið. Verð frá 3.200 kr./mán.

**Pantaðu Heimilispakkann í síma 800 7000 eða opnaðu Netspjall á siminn.is**



# KLÚBBMEISTARAR GKG 2017

Egill Ragnar Gunnarsson  Ingunn Gunnarsdóttir




PIPAR\TBWA • SÍA • 153467

**Opið**

virka daga: 06.30–22.00
um helgar: 08.00–18.00 á veturna
08.00–20.00 á sumrin

Sund er dásamleg líkamsrækt, hvort sem þú vilt ná þér í holla hreyfingu, slökun og vellíðan í þægilegu umhverfi eða bara busla og skemmta þér!

**Sundlaug Kópavogs** og **Sundlaugin Versölum** bjóða frábæra aðstöðu, vatnsrennibrautir og heita potta. **Komdu í sund!**

**Sundlaug Kópavogs**
Borgarholtsbraut 17–19
Sími 570 0470

**Sundlaugin Versölum**
Versölum 3
Sími 570 0480

**Sundlaugar Kópavogs**

kopavogur.is

# Ást við fyrstu sýn

Egils




## Egils Malt og Appelsín